

EES-viðbætur

við Stjórnartíðindi EB

ISSN 1022-9337

Nr. 18

6. árgangur

29.4.1999

I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA

99/EES/18/01	Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 316/98/COL frá 4. nóvember 1998 um fjórtánda breytingu á „Málsmeðferð og efni reglna á sviði ríkisaðstoðar” 1
99/EES/18/02	Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 317/98/COL frá 4. nóvember 1998 um fimmtánda breytingu á „Málsmeðferð og efni reglna á sviði ríkisaðstoðar” 26
99/EES/18/03	Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 61. gr. EES-samningsins og 3. mgr. 1. gr. í bókun 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól - Ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA um að hreyfa ekki andmælum 41

3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

99/EES/18/04	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1493 – UTC/Sundstrand) 43
99/EES/18/05	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1255 - Flughafen Berlin) 44
99/EES/18/06	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1491 - Robert Bosch/Magneti Marelli) 45

99/EES/18/07	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1293 - BP/Amoco)	45
99/EES/18/08	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir	46
3. Dómstóllinn		
99/EES/18/09	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna	47
99/EES/18/10	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi	49

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

99/EES/18/01

nr. 316/98/COL
frá 4. nóvember 1998

um fjórtánda breytingu á „Málsmeðferð og efni reglna á sviði ríkisaðstoðar“

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

hefur breytt „Málsmeðferð og efni reglna á sviði ríkisaðstoðar“⁽¹⁾, sem voru samþykktar 19. janúar 1994⁽²⁾ og síðast breytt 4. mars 1998⁽³⁾, svo sem hér segir:

1. Meðfylgjandi nýr 25. kafli um innlenda byggðaaðstoð skal felldur inn í reglurnar.
2. Með fyrirvara um bráðabirgðaráðstafanirnar, sem kveðið er á um í 5. og 6. mgr. í þætti 25.6 í hinum nýja 25. kafla, falli núverandi kaflar 25. - 28. niður.
3. Meðfylgjandi nýr kafli 33.2 um viðmiðunarvexti skal felldur inn í reglurnar.
4. Meðfylgjandi nýr X. viðauki um hreint styrksígildi fjárfestingaraðstoðar skal felldur inn í reglurnar.
5. Meðfylgjandi nýr XI. viðauki um aðstoð til að mæta aukaflutningskostnaði á svæðum sem geta fengið undanþágu samkvæmt c-lið 3. mgr. 61. gr. á grundvelli dreifbýlisviðmiðsins skal felldur inn í reglurnar.
6. Meðfylgjandi nýr XII. viðauki um aðferð til að ákvarða efri mörk fyrir íbúafjölda svæða sem falla undir undanþáguákvæði c-liðar 3. mgr. 61. gr. skal felldur inn í reglurnar.
7. Gera skal meðfylgjandi breytingar á kafla 13.4 og ákveðnum neðanmálsgreinum.

⁽¹⁾ Hér á eftir vísað til sem leiðbeininganna um ríkisaðstoð.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 231, 3.9.1994, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 32, 3.9.1994, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 120, 23.4.1998, bls. 27 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 16, 23.4.1998, bls. 1.

VI. HLUTI: REGLUR UM BYGGÐAÐSTOÐ

25. Innland byggðaaðstoð⁽⁴⁾

25.1. INNGANGUR

- 1) Aðstoðarráðstafanirnar sem fjallað er um í þessum leiðbeiningum („byggðaaðstoð“) eru ólíkar öðrum tegundum ríkisstyrkja (einkum aðstoð við rannsókn- og þróunarstarfsemi, umhverfisvernd eða við fyrirtæki sem eiga í erfiðleikum) að því leyti að þær takmarkast við tiltekin svæði og miða sérstaklega að uppbyggingu þeirra⁽⁵⁾.
- 2) Markmið byggðaaðstoðar er að byggja upp svæði sem eiga í erfiðleikum með því að styðja fjárfestingar og efla atvinnusköpun á grundvelli sjálfbærrar þróunar. Hún stuðlar að vexti, endurbótum og fjölbreytni í starfsemi fyrirtækja með aðsetur á þessum svæðum og hvetur ný fyrirtæki til að setjast þar að. Til að auka þessa þróun og til að draga úr hugsanlega neikvæðum áhrifum af hverskonar flutningi fyrirtækja er nauðsynlegt að skilyrða slíka aðstoð við það að viðhalda fjárfestingum og störfum sem hafa orðið til í lágmarkstíma á erfiðleikasvæðinu.
- 3) Í undantekningartilvikum, ef kerfislægir annmarkar á viðkomandi svæði eru of miklir, nægir slík aðstoð ekki til að ýta undir byggðaðróun. Aðeins í slíkum tilvikum er heimilt að veita rekstraraðstoð til viðbótar byggðaaðstoð.
- 4) Eftirlitsstofnun EFTA telur að byggðaaðstoð geti gegnt hlutverki sínu á skilvirkan hátt og þar með sé sú röskun á samkeppni sem hún hefur í för með sér réttlætanager, að því tilskildu að hún sé veitt í samræmi við tilteknar grundvallarreglur og ákvæði. Mikilvægust þessara meginreglna er að aðstoðin er tæki sem beitt er í undantekningartilvikum í samræmi við efni og anda 61. gr. EES-samningsins.
- 5) Í raun er slík aðstoð á EES því aðeins hugsanleg að hún sé í hófi og miðist við verst settu svæðin. Ef aðstoð yrði almennari og fremur regla en undantekning, myndi hún hætta að virka sem hvati og efnahagsleg áhrif hennar yrðu engin. Á sama tíma myndi aðstoðin raska eðlilegu samspili markaðsaflanna og draga úr skilvirkni innri markaðarins.

25.2. GILDISSVIÐ

- 1) Eftirlitsstofnun EFTA mun beita þessum leiðbeiningum gagnvart byggðaaðstoð sem veitt er á öllum sviðum atvinnulífsins sem falla undir gildissvið EES-samningsins og valdsvið stofnunarinnar. Að auki gilda sérstakar reglur um ákveðnar atvinnugreinar sem þessar leiðbeiningar taka til⁽⁶⁾.

⁽⁴⁾ 25. kafli samsvarar tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar - Leiðbeiningar um innlenda byggðaaðstoð (Stjtið. EB C 74, 10.3.1998).

⁽⁵⁾ Aðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki (LMF) sem gerir ráð fyrir aukningu til að efla byggðaðróun telst einnig vera byggðaaðstoð.

⁽⁶⁾ Auk þessara leiðbeininga gilda sérstakar reglur um eftirfarandi atvinnugreinar: flutningastarfsemi, stáliðnaðinn, skipasmíðar, gervitreffjaíðnaðinn og bílaíðnaðinn. Að auki gilda sérstakar reglur um fjárfestingar sem falla undir rammaákvæði um byggðaaðstoð vegna stórra fjárfestingarverkefna sem taka til margra atvinnugreina.

- 2) Vegna byggðaaðstoðar er eingöngu heimilt að veita undanþágu frá almenna banninu gegn ríkisaðstoð sem kveðið er á um í l. mgr. 61. gr. EES-samningsins, ef hægt er að tryggja að jafnvægi ríki á milli röskunar á samkeppni sem leiðir af aðstoðinni og ávinningssins af henni við uppbyggingu svæðis sem á í erfiðleikum⁽⁷⁾. Líklegt er að vægi ávinningssins af aðstoð geti verið breytilegt í samræmi við þá undanþágu sem beitt er og hafi neikvæðari áhrif á samkeppni við aðstæður sem lýst er í a-lið 3. mgr. 61. gr. en við aðstæður sem lýst er í c-lið 3. mgr. 61. gr.⁽⁸⁾.
- 3) Einstök aðstoð í sérstökum tilgangi (ad hoc)⁽⁹⁾ til eins fyrirtækis eða aðstoð sem takmarkast við eitt athafnasvið, getur haft alvarlegar afleiðingar á samkeppni á viðkomandi markaði og líklegt er að hún hafi of takmörkuð áhrif á þróun svæðisins. Slík aðstoð er alla jafna veitt innan marka tiltekinnar eða atvinnugreinabundinnar stefnu í iðnaði og er oft ekki í anda byggðaaðstoðar⁽¹⁰⁾ sem verður að vera hlutlaus gagnvart ráðstöfun framleiðsluauðlinda til ýmissa atvinnugreina og starfsemi. Eftirlitsstofnun EFTA telur að ef ekki er hægt að sýna fram á annað, uppfylli slík aðstoð ekki fyrrnefndar kröfur⁽¹¹⁾.
- 4) Þar af leiðandi eru umræddar undanþágur alla jafna aðeins veittar vegna aðstoðaráætlana sem taka til margra atvinnugreina og sem á tilteknu svæði standa öllum fyrirtækjum í viðkomandi greinum til boða.

25.3. AFMÖRKUN SVÆÐA

- 1) Til að unnt sé að samþykkja áætlanir um aðstoð á grundvelli einnar af þessum undanþágum verða viðkomandi svæði, sem þær beinast að, að uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í þessum undanþágum. Eftirlitsstofnun EFTA metur hvort þessum skilyrðum sé fullnægt með hliðsjón af fyrirfram settum greiningarviðmiðum.
- 2) Í ljósi þess að eingöngu má veita byggðaaðstoð í undantekningartilvikum, gengur Eftirlitsstofnun EFTA út frá því að svæðin sem njóta aðstoðar í EFTA-ríkjunum verði að vera minni í heild en öll svæðin sem ekki njóta aðstoðar. Í reynd merkir þetta að heildaríbúafjöldi á svæðum sem fá byggðaaðstoð í EFTA-ríkjunum verður að vera undir 50% af heildaríbúafjölda EFTA-ríkjanna. Þegar stofnunin ákvarðar efri mörk heildaríbúafjölda fyrir EFTA-ríkin, mun stofnunin í samræmi við meginregluna um að tryggja samræmda framkvæmd, beitingu og túlkun á EES-reglum um ríkisaðstoð, taka tilhlýðilegt tillit til efri marka heildaríbúafjölda í tengslum við byggðaaðstoð innan Evrópusambandsins.
- 3) Þar sem undanþágurnar tvær sem um ræðir varða svæðisbundna erfiðleika sem eru mismunandi að eðli og styrkleika, verður að veita þeim svæðum forgang þar sem erfiðleikarnir eru mestir, en innan markanna um heildarumfang aðstoðarinnar sem um getur í 2. mgr.
- 4) Afmörkun styrkhæfra svæða verður því að leiða til þess að aðstoðin beinist að afmörkuðum svæðum í samræmi við meginreglurnar í 2. og 3. mgr.

⁽⁷⁾ Sbr. dóm Evrópudómstólsins í máli 730/79 *Philip Morris* dómasafn 1980, bls. 2671, 17. mgr. og í máli C-169/95 *Spánn gegn framkvæmdastjórninni* dómasafn 1997, bls. I-135, 20. mgr.

⁽⁸⁾ Sbr. dóm Evrópudómstólsins á fyrsta dómstigi í T-380/94 *AIUFFASS og AKT* dómasafn 1996, bls. II-2169, 54. mgr.

⁽⁹⁾ Sbr. dóm Evrópudómstólsins í sameinuðum málum C-278, C-279 og C-280/92, *Spánn gegn framkvæmdastjórninni* dómasafn 1994, bls. I-4103.

⁽¹⁰⁾ Í samningi Heimsviðskiptastofnunarinnar um styrki og jöfnunaraðgerðir er þessi tegund aðstoðar því sérstaklega útilokuð frá þeirri tegund byggðaaðstoðar sem ekki er gripið til aðgerða gegn (aðstoð samþykkt án rannsóknar).

⁽¹¹⁾ Sérstök aðstoð við fyrirtæki sem eiga í erfiðleikum fellur undir sérstakar reglur og telst sem slík ekki vera byggðaaðstoð.

Undanþágan í a-lið 3. mgr. 61. gr.

- 5) Í a-lið 3. mgr. 61. gr. er kveðið á um að aðstoð til að efla hagþróun á svæðum þar sem líf skjör eru óvenju bágborin eða alvarlegt atvinnuleysi ríkir geti talist samrýmast framkvæmd EES-samningsins. Eins og Evrópudómstóllinn hefur bent á, sýnir „notkun orðanna „óvenju“ og „alvarlegt“ í undanþágunni í a-lið 3. mgr. 92. gr. að eingöngu sé átt við svæði þar sem efnahagsástandið er sérstaklega bágborið samanborið við bandalagið í heild“⁽¹²⁾.
- 6) Í samræmi við aðferð sem þegar hefur sannað gildi sitt telur Eftirlitsstofnun EFTA því að skilyrðin sem mælt er fyrir um séu uppfyllt ef svæðið - sem samsvarar II. stigs svæði samkvæmt NUTS⁽¹³⁾ - er með verga landsframleiðslu á mann, mæld í kaupmætti, undir 75% af EES-meðaltali⁽¹⁴⁾. Verg landsframleiðsla mæld í kaupmætti hvers svæðis og EES-meðaltal sem ber að nota við greininguna verður að taka til meðaltals næstliðinna þriggja ára sem tölur liggja fyrir um. Þessar fjárhæðir eru reiknaðar á grundvelli upplýsinga frá Hagstofu Evrópubandalaganna eða öðrum opinberum hagskýrslustofnunum.

Undanþágan í c-lið 3. mgr. 61. gr.

- 7) Andstætt a-lið 3. mgr. 61. gr. þar sem aðstæðum er lýst skýrt og greinilega, veitir c-liður 3. mgr. 61. gr. meira svigrúm til að skilgreina erfiðleika á svæði sem hægt er að draga úr með aðstoð. Þeir vísbendar sem skipta máli eru, í þessu tilviki, ekki endilega líf skjör og atvinnuleysi. Hlutaðeigandi EFTA-ríki er einnig heimilt að setja viðeigandi rammareglur til að meta þessa erfiðleika.
- 8) Evrópudómstóllinn hefur í máli 248/84 (sjá nmgr. 12) látið í ljós álit sitt á þessum tveim atriðum (hvers konar erfiðleikar skipta máli og hvaða rammareglur skuli leggja til grundvallar við mat) á eftirfarandi hátt: „Hins vegar er undanþága c-liðar, víðtækari að því leyti að hún heimilar þróun tiltekinna svæða án tillits til efnahagslegu skilyrðanna sem mælt er fyrir um í a-lið 3. mgr. 92. gr., enda hafi slík aðstoð „ekki svo óhagstæð áhrif á viðskiptaskilyrði að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum“. Þetta ákvæði veitir framkvæmdastjórninni vald til að heimila aðstoð til að stuðla að hagþróun á svæðum aðildarríkjanna sem eru illa sett miðað við landsmeðaltal“.
- 9) Byggðaaðstoð sem undanþágan í c-lið tekur til verður þó að vera hluti af heilstæðri byggðastefnu EFTA-ríkisins og vera í samræmi við meginreglur um landfræðilega afmörkun sem um getur hér að framan. Að svo miklu leyti sem aðstoðin er ætluð svæðum sem eru ekki jafn illa stödd og þau sem a-liður tekur til er enn meiri ástæða til að veita slíka aðstoð í undantekningartilvikum og eingöngu er hægt að heimila hana í mjög takmörkuðum mæli. Því er það eingöngu lítill hluti af landsvæði EFTA-ríkis sem við fyrstu sýn á rétt á umræddri aðstoð. Þess vegna má hlutfall íbúa á svæðum sem falla undir c-lið 3. mgr. 61. gr. ekki vera meira en 50% af íbúafjölda landsins sem undanþágan í a-lið 3. mgr. 61. gr. tekur ekki til⁽¹⁵⁾.
- 10) Sú staðreynd að eðli slíkrar aðstoðar gerir kleift að taka tillit til sérstakra innlendra aðstæðna í EFTA-ríki þýðir hins vegar ekki að ekki þurfi að rannsaka hana með hliðsjón af sameiginlegum hagsmunum ríkjanna sem eiga aðild að EES-samningnum. Tilgreining svæða sem eiga rétt á byggðaaðstoð í hverju EFTA-ríki verður því að vera innan ramma sem tryggir heildarsamræmi á EES⁽¹⁶⁾.

⁽¹²⁾ Mál 248/84 *Þýskaland gegn framkvæmdastjórninni* dómásafn 1987, bls. 4013, 19. mgr. a-liður 3. mgr. 92. gr. EB-sáttmálans samsvarar a-lið 3. mgr. 61. gr. í EES-samningnum.

⁽¹³⁾ Nomenclature of Territorial Units for Statistics, þ.e. Flokkun hagskýrslusvæða.

⁽¹⁴⁾ Gengið er útrá því að vísbendir fyrir verga landsframleiðslu geti endurspeglað niðurstöðu beggja fyrirbæranna sem um getur.

⁽¹⁵⁾ Nema tímabundin undanþága sem leiðir af beitingu 10. liðar XII. viðauka við þessar leiðbeiningar.

⁽¹⁶⁾ Sbr. dóma Evrópudómstólsins í dómsmálinu 730/79 *Philip Morris*, 26. mgr. og í dómsmálinu 310/85 *Deufil* dómásafn 1987, bls. 901, 18. mgr.

- 11) Til að veita innlendum stjórnvöldum nægilegt svigrúm við að velja svæði sem geta átt rétt á aðstoð, án þess að stofna í hættu skilvirkni eftirlitsins sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur með þessari tegund af aðstoð og jafnri meðferð allra EFTA-ríkjanna, verður að taka mið af tveim þáttum við ákvörðun á svæðum sem eiga rétt á umræddri undanþágu:

- hámarki aðstoðar sem Eftirlitsstofnun EFTA setur fyrir hvert land,
- vali svæða sem eiga rétt á aðstoð.

Við val á svæðum sem eiga rétt á aðstoð ber að fylgja gagnsæjum reglum en um leið verður að gæta nægilegs sveigjanleika svo hægt sé að taka tillit til breytilegra aðstæðna sem kunna að réttlæta undanþágu. Hámark aðstoðar miðar að þessum sveigjanleika við val á styrkhæfum svæðum og jafnframt að því að tryggja einsleita meðferð sem krafist er til þess að aðstoðin sé ásættanleg út frá sjónarmiði EES.

- 12) Til að tryggja skilvirkt eftirlit með byggðaaðstoð setur Eftirlitsstofnun EFTA efri mörk með tilliti til íbúafjölda fyrir umfang byggðaaðstoðar sem kemur til greina samkvæmt c-lið 3. mgr. 61. gr. í hverju EFTA-ríki. Þegar stofnunin ákvarðar þessi efri mörk, og með það í huga að vera samstíga Evrópubandalaginu í nálgun sinni, tekur hún mið af áhrifum hámarksíbúafjölda vegna umfanga byggðaaðstoðar sem framkvæmdastjórn EB ákvarðar, samkvæmt 3. mgr. 92. gr. EB-sáttmálans, og með því að tryggja að heildarhámark vegna umfanga byggðaaðstoðar í EFTA-ríkjum, annaðhvort samkvæmt a- eða c-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins, ásamt með tilliti til íbúafjölda, fari ekki undir neinum kringumstæðum yfir samsvarandi hámark sem gildir um öll aðildarríki Evrópubandalagsins. Aðferðinni við að ákvarða efri mörk í hverju EFTA-ríki er lýst í XII. viðauka við þessar leiðbeiningar.

- 13) EFTA-ríkin tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA, samkvæmt 3. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstóls, um aðferð og magnvísbenda sem þau óska eftir að nota til að ákvarða styrkhæf svæði og senda henni lista yfir svæði sem þau leggja til að fái undanþágu samkvæmt c-lið, ásamt tilgreiningu á breytilegum styrkleika⁽¹⁷⁾. Hundraðshlutfall íbúafjölda viðkomandi svæða má ekki fara yfir fyrrnefnt hámark umfanga samkvæmt undanþáguákvæði c-liðar 3. mgr. 61. gr.

- 14) Aðferðin verður að uppfylla eftirtalin skilyrði:

- hún verður að vera hlutlæg,
- hún verður að gera kleift að mæla félagslegt og efnahagslegt misræmi aðstæðna á svæðunum sem
- um ræðir í viðkomandi EFTA-ríki, með því að leggja áherslu á verulegt misvægi,
- henni skal lýst á ljósan og nákvæman hátt þannig að Eftirlitsstofnun EFTA geti metið gildi hennar.

- 15) Vísbendarnir verða að uppfylla eftirtalin skilyrði:

- þeir mega ekki vera fleiri en fimm, hvort sem um er að ræða einfalda vísbenda eða samsetningu vísbenda,
- þeir verða að vera hlutlægir og skipta máli við rannsókn á félags- og efnahagslegum aðstæðum á svæðinu,
- þeir verða annaðhvort að grundvallast á hagskýrslum sem taka að minnsta kosti til næstliðinna þriggja ára -fyrir tilkynningu eða grundvallast á síðustu könnun sem hefur verið gerð, ef viðkomandi hagskýrslur eru ekki tiltækar árlega,
- þeir verða að vera unnir af áreiðanlegum hagskýrslustofnunum.

⁽¹⁷⁾ Sjá 15. – 20. mgr. í kafla 25.4.

- 16) Listinn yfir svæðin verður að uppfylla eftirtalin skilyrði:
- svæðin verða að samsvara III. stigs svæði samkvæmt NUTS. Í réttlætlanlegum tilvikum má þó nota aðra sams konar landfræðilega einingu. Hvert EFTA-ríki má aðeins leggja fram eina gerð af landfræðilegri einingu,
 - einstök svæði sem lögð eru til eða hópur nágrannabyggða verða að mynda svæði sem liggja þétt saman, og með a.m.k. 100 000 íbúa hvert. Ef íbúar svæðisins eru færri, er stuðst við tilbúna 100 000 íbúa tölu til að reikna út hlutfall af heildaríbúafjölda. Undantekning frá þessari reglu eru III. stigs NUTS-svæði með færri en 100 000 íbúa, eyjar og önnur svæði sem einkennast af sambærilegri landfræðilegri einangrun⁽¹⁸⁾,
 - skráin yfir svæðin skal gerð á grundvelli vísbendanna sem um getur í 15. mgr. í kafla 25.3. Verulegt misræmi verður að vera milli svæðanna sem lögð eru til (helmingur staðlaða frávíksins) miðað við meðaltalið fyrir svæði viðkomandi EFTA-ríkis, sem hugsanlega falla undir c-lið 3. mgr. 61. gr., að því er varðar einn eða fleiri vísbenda sem stuðst er við í aðferðinni.
- 17) Svæði þar sem dreifbýli er mikið:
- Með fyrirvara um hámark fyrir hvert EFTA-ríki sem um getur í 12. mgr. geta svæði þar sem íbúar eru færri en 12,5 á ferkílómetra⁽¹⁹⁾ einnig átt kost á undanþágunni sem um ræðir.

25.4. MARKMIÐ, FORM OG UMFANG AÐSTOÐAR

- 1) Byggðaaðstoð miðar annaðhvort að því að tryggja fjárfestingu til framleiðslu (stofnfjárfestingu) eða atvinnusköpun sem tengist fjárfestingu. Því ívilar þessi aðferð hvorki fjármagns- né atvinnuþættinum.
- 2) Til að tryggja að styrkta framleiðslufjárfestingin sé lífvænleg og traust verður framlag styrkþega⁽²⁰⁾ til fjármögnunar hennar að nema a.m.k. 25%.
- 3) Hægt er að veita aðstoð á mismunandi hátt: með styrk, lánum með lágum vöxtum eða vaxtaafslætti, ríkisábyrgð eða kaupum ríkisins á hlutabréfum á hagstæðum kjörum, skattaeftirgjöf, lækkun á almannatryggingagjöldum, útvegum á vörum og þjónustu á hagstæðum kjörum, o.s.frv.
- 4) Ennfremur verða aðstoðaráætlanirnar að kveða á um að leggja verði fram umsókn um aðstoð áður er hafist er handa við verkefnið.
- 5) Umfang aðstoðar er skilgreind á grundvelli styrkleika hennar samanborið við viðmiðunarkostnað (sbr. 8., 9., 10., 11. og 24. mgr.).

⁽¹⁸⁾ Vegna íbúafjölda eru Ísland og Liechtenstein einnig undanþegin þessari reglu.

⁽¹⁹⁾ Sbr. kafla 28.2.3 í leiðbeiningunum sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti 19. janúar 1994 (Stjtið. EB L 231 frá 1994). Kafla 28.2.3 var bætt við sem nýjum þætti með ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA frá 20. júlí 1994 og samsvarar tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar, sem beint var til aðildarríkjanna og annarra hagsmunaaðila, varðandi breytingu á II. hluta orðsendingarinnar um aðferð við beitingu a- og c-liðar 3. mgr. 92. gr. gagnvart byggðaaðstoð (Stjtið. EB C 364, 20.12.1994, bls. 8).

⁽²⁰⁾ Þetta 25% lágmarksframlag má ekki fela í sér neina aðstoð. Þetta skilyrði er t.d. ekki uppfyllt þegar um er að ræða lán með vaxtastyrk eða ef það er tryggt með ríkisábyrgð sem felur í sér einhverja aðstoð.

⁽²¹⁾ Yfirtökufjárfesting er því útilokuð hér. Aðstoð vegna þessarar tegundar af fjárfestingu fellur undir flokkinn rekstraraðstoð sem reglurnar í 26. og 28. mgr. eiga við um. Einnig er útilokuð aðstoð vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar á fyrirtæki sem á í erfiðleikum í skilningi leiðbeininganna um ríkisaðstoð til að bjarga og endurskipuleggja fyrirtæki sem eiga í erfiðleikum. Heimilt er að veita aðstoð vegna endurskipulagningar í skilningi fyrrnefndra leiðbeininga að svo miklu leyti sem hún tengist fjárfestingaraðgerðum (hagraðing, endurbætur, fjölþætting), án sérstakrar tilkynningar, samkvæmt áætlun um byggðaaðstoð. Þar sem slík byggðaaðstoð er hluti af fyrirhugaðri aðstoð við að endurskipuleggja fyrirtæki sem eiga í erfiðleikum, verður þó að taka slíkt til greina við rannsókn sem gerð er samkvæmt leiðbeiningunum.

Aðstoð vegna stofnfjárfestingar

- 6) Með stofnfjárfestingu er átt við fjárfestingu í fastafjármunum í tengslum við að koma á fót nýrri starfstöð, stækka fyrirliggjandi starfsstöð, eða hefja starfsemi sem felur í sér grundvallarbreytingu á framleiðsluvöru eða framleiðsluferli í fyrirliggjandi starfsstöð (í formi hagræðingar, fjölbættingar eða endurbóta)⁽²¹⁾.
- 7) Fjárfesting í fastafjármunum í formi yfirtöku á starfsstöð sem hefur verið lokað, eða sem hefði verið lokað ef hún hefði ekki verið tekin yfir, getur einnig skoðast sem stofnfjárfesting, nema viðkomandi starfsstöð tilheyri fyrirtæki sem á í erfiðleikum. Í því tilviki kann aðstoð vegna yfirtöku á starfsstöð að vera fyrirtækinu sem á í erfiðleikum til framdráttar, en slíkt ber að rannsaka í samræmi við leiðbeiningarnar um ríkisaðstoð til að bjarga og endurskipuleggja fyrirtæki í erfiðleikum.
- 8) Aðstoð vegna stofnfjárfestingar er reiknuð sem hundradshluti af virði fjárfestingarinnar. Þetta virði er fundið út á grundvelli einsleits útgjaldalíkans (staðlaður útreikningsgrundvöllur) sem tekur til eftirtalinna þátta fjárfestingarinnar: lands, bygginga og tækjabúnaðar⁽²²⁾.
- 9) Þegar um er að ræða yfirtöku á slíkum eignum skal eingöngu taka tillit til kaupverðs ⁽²³⁾ (yfirtakan skal eiga sér stað á markaðskjörum). Eignir sem hafa verið keyptar með aðstoð fyrir yfirtöku ber að draga frá.
- 10) Útgjöld sem eiga rétt á aðstoð geta einnig tekið til ákveðinna flokka óefnislegra fjárfestinga, en þau mega ekki fara yfir 25% af stöðluðum útreikningsgrundvelli ef um er að ræða stór fyrirtæki⁽²⁴⁾.
- 11) Slík útgjöld verða að takmarkast við útgjöld vegna tækniyfirfærslu við kaup á:
 - einkaleyfum,
 - framleiðslu- eða hugverkaleyfum,
 - hugverkaleyfum sem ekki eru með einkaleyfi.
- 12) Óefnislegar eignir sem geta átt rétt á aðstoð verða að uppfylla nauðsynleg skilyrði til að tryggja sé að þær tengist áfram svæðinu sem á rétt á byggðaaðstoð og verði því ekki fluttar, öðrum svæðum til hagsbóta, einkum svæðum sem eiga ekki rétt á byggðaaðstoð. Óefnislegar eignir sem eiga rétt á aðstoð verða því einkum að uppfylla eftirtalin skilyrði:
 - eingöngu má nota þær í fyrirtækinu sem þegið hefur byggðaaðstoð,
 - þær verða að teljast afskrifanlegar eignir,
 - þær verða að vera keyptar af þriðju aðilum á markaðskjörum,
 - þær verða að teljast til eigna fyrirtækisins og vera í fyrirtækinu sem þáði byggðaaðstoð í að minnsta kosti fimm ár.
- 13) Aðstoð sem EFTA-ríkin tilkynna skal alla jafna gefin upp brúttó, þ.e. fyrir skatta.

⁽²²⁾ Í flutningsgeiranum má útgjaldalíkanið (staðlaður útreikningsgrundvöllur) ekki taka til útgjalda vegna kaups á flutningsbúnaði (færanlegar eignir). Slík útgjöld geta því ekki átt rétt á aðstoð vegna stofnfjárfestingar.

⁽²³⁾ Ef önnur stofnfjárfesting fylgir yfirtöku, þá ber að bæta kostnaðinum af henni við kaupverð.

⁽²⁴⁾ Fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki eru gildandi viðmið og skilyrði skilgreind í leiðbeiningunum um ríkisaðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

- 14) Til þess að gera mismunandi tegundir aðstoðar sambærilegar innbyrðis og styrkleika aðstoðar sambærilegan á milli einstakra EES-riksa umreiknar Eftirlitsstofnun EFTA aðstoð sem EFTA-ríki tilkynnr í aðstoð sem er gefin upp í formi hreins styrksígildis⁽²⁵⁾.
- 15) Styrkleiki aðstoðarinnar verður að miðast við eðli og mikilvægi þeirra svæðisbundnu vandamála sem um ræðir. Því verður frá upphafi að greina á milli þess sem heimilað er á svæðum sem eiga rétt á aðstoð samkvæmt undanþáguákvæði a-liðar og á svæðum sem eiga rétt á aðstoð samkvæmt undanþáguákvæði c-liðar. Í þessu samhengi verður að taka tillit til þeirrar staðreyndar að svæði sem geta fengið aðstoð samkvæmt undanþáguákvæði c-liðar 3. mgr. 61. gr. einkennast ekki af lífskjörum sem eru óvenju bágborin eða miklu atvinnuleysi í skilningi undanþáguákvæða a-liðar sömu málsgreinar. Röskunaráhrif aðstoðar eru því síður réttlæt看anleg þar en á svæðum sem geta fengið undanþágu samkvæmt a-lið. Þetta þýðir að gengið er út frá því að leyfilegur styrkleiki aðstoðar sé minni á svæðum sem eiga rétt á undanþágu samkvæmt c-lið en á svæðum sem eiga rétt á undanþágu samkvæmt a-lið.
- 16) Þegar um er að ræða svæði sem falla undir a-lið 3. mgr. 61. gr. má styrkleiki byggðaaðstoðar ekki fara yfir 50% af hreinu styrksígildi. Á svæðum sem falla undir c-lið 3. mgr. 61. gr. má hámark byggðaaðstoðar alla jafna ekki fara yfir 20% af hreinu styrksígildi, nema á strjálbýlum svæðum þar sem hún má nema allt að 30% af hreinu styrksígildi.
- 17) Á svæðum sem samsvara II. stigs NUTS-svæðum í Evrópusambandinu og rétt eiga á aðstoð samkvæmt a-lið 3. mgr. 61. gr. og þar sem verg landsframleiðsla á mann mæld í kaupmætti er meiri en 60% af EES-meðaltali, má styrkleiki byggðaaðstoðarinnar ekki fara yfir 40% af hreinu styrksígildi.
- 18) Á svæðum sem eiga rétt á aðstoð samkvæmt c-lið 3. mgr. 61. gr., þar sem verg landsframleiðsla á mann mæld í kaupmætti er yfir samsvarandi EES-meðaltali og atvinnuleysi undir samsvarandi EES-meðaltali⁽²⁶⁾, má styrkleiki byggðaaðstoðar ekki fara yfir 10% af hreinu styrksígildi, nema á strjálbýlum svæðum þar sem hann má nema allt að 20% af hreinu styrksígildi. Í undantekningartilvikum, þegar um er að ræða svæði sem falla undir fyrrneft 10% hámark, má heimila hærri styrkleika, sem ekki fer yfir venjulega 20% hámarkið, fyrir svæði (sem svara til III. stigs NUTS-svæða eða þar undir) sem liggja að svæðum með stöðu samkvæmt a-lið 3. mgr. 61. gr.
- 19) Öll fyrrnefnd hámarksviðmið teljast efri mörk. Eftirlitsstofnun EFTA mun tryggja að styrkleiki byggðaaðstoðar fyrir neðan þau sé aðlagður þannig að hann endurspegli alvöru og umfang svæðisbundinna erfiðleika þegar þeir eru skoðaðir í EES-samhengi.
- 20) Heimilt er að hækka hámarksviðmiðin sem tilgreind eru í 15. - 19. mgr. vegna viðbótaraðstoðar við LMF⁽²⁷⁾, þ.e. um 15 prósentustig brúttó⁽²⁸⁾ ef um er að ræða svæði sem eiga rétt á aðstoð samkvæmt a-lið og um 10 prósentustig brúttó ef um er að ræða svæði sem eiga rétt á undanþágu samkvæmt c-lið. Endanlegt viðmið gildir sem útreikningsgrundvöllur fyrir LMF. Þessi viðbót fyrir LMF gildir ekki um flutningafyrirtæki.
- 21) Setja skal sem skilyrði fyrir greiðslu eða veitingu aðstoðar vegna stofnfjárfestingar að viðkomandi fjárfesting vari í að minnsta kosti fimm ár.

⁽²⁵⁾ Aðferðin við að reikna út hreint styrksígildi er sýnd í X. viðauka við þessar leiðbeiningar.

⁽²⁶⁾ Verg landsframleiðsla og atvinnuleysi skal mæld á III. stigi samkvæmt NUTS.

⁽²⁷⁾ Einnig er gert ráð fyrir viðbótarbyggðaaðstoð þegar um er að ræða aðstoð vegna rannsókna og þróunar og aðstoð vegna umhverfisverndar. Slík aðstoð er þó reiknuð út frá öðrum viðmiðum en þegar um er að ræða byggðaaðstoð (þ.m.t. við LMF). Viðbótaraðstoðin sem um ræðir bætist því ekki við byggðaaðstoðina, heldur við aðra tegund aðstoðar sem um er að ræða. Þau ákvæði sem nú gilda um þessar tvær umræddu tegundir eru, þegar um er að ræða rannsóknir og þróun, 14. kafli þessara leiðbeininga, og þegar um er að ræða umhverfisvernd 15. kafli þessara leiðbeininga.

⁽²⁸⁾ Brúttóstyrkleiki viðbótaraðstoðar er notaður eins og skilgreint er í leiðbeiningunum um aðstoð við LMF.

Aðstoð til atvinnusköpunar

- 22) Eins og bent var á hér að framan er einnig hægt að veita byggðaaðstoð til atvinnusköpunar. Ólíkt aðstoð til atvinnusköpunar sem er skilgreind í leiðbeiningunum um aðstoð til atvinnumála vegna starfa sem ekki tengjast fjárfestingarverkefnum⁽²⁹⁾, er hér þó eingöngu átt við störf sem tengjast framkvæmd stofnfjárfestingarverkefnis⁽³⁰⁾.
- 23) Atvinnusköpun þýðir hreina aukningu í fjölda starfa⁽³¹⁾ í tilteknu fyrirtæki miðað við meðaltal á ákveðnu tímabili. Öll störf sem tapast á því tímabili verða því að dragast frá við uppgjör á störfum sem voru sköpuð á sama tímabili⁽³²⁾.
- 24) Hvað varðar fjárfestingaraðstoð verður aðstoð vegna atvinnusköpunar sem kveðið er á um í þessum leiðbeiningum að miðast við eðli og umfang svæðisbundinna erfiðleika sem átt er við. Eftirlitsstofnun EFTA telur að fjárhæð aðstoðar megi ekki fara yfir tiltekið hlutfall af launakostnaði⁽³³⁾ þess einstaklings sem ráðinn var, reiknað á tímabili sem tekur til tveggja ára. Hlutfallið er jafnt styrkleikanum sem heimilt er fyrir fjárfestingaraðstoð á viðkomandi svæði.
- 25) Setja skal sem skilyrði fyrir greiðslu eða veitingu aðstoðar til atvinnusköpunar að viðkomandi atvinna vari í að minnsta kosti fimm ár.

Rekstraraðstoð

- 26) Byggðaaðstoð sem miðar að því að lækka rekstarútgjöld fyrirtækis (rekstraraðstoð) er alla jafna bönnuð. Þó er í undantekningartilvikum heimilt að veita slíka aðstoð til svæða sem eiga rétt á aðstoð samkvæmt undanþágunni í a-lið 3. mgr. 61. gr., með því skilyrði að hægt sé að réttlæta hana sem framlag til byggðapróunar og að eðli hennar og umfang sé í hlutfalli við þá annmarka sem henni er ætlað að ráða bót á⁽³⁴⁾. EFTA-ríkinu ber að sýna fram á tilvist slíkra annmarka og meta vægi þeirra.
- 27) Á strjálbýlissvæðum sem eiga annaðhvort rétt á undanþágu samkvæmt a-lið 3. mgr. 61. gr. eða c-lið 3. mgr. 61. gr. á grundvelli dreifbýlisviðmiðsins sem um getur í 15. mgr. í kafla 25.3, er unnt að heimila aðstoð til að jafna að hluta aukinn flutningskostnað⁽³⁵⁾ að ákveðnum skilyrðum uppfylltum⁽³⁶⁾. EFTA-ríkjunum ber að sanna að slíkur aukakostnaður sé fyrir hendi og ákvarða upphæð hans.
- 28) Að frátöldum þeim tilvikum sem um getur í 27. mgr. verður rekstraraðstoð bæði að vera tímabundin og úr henni skal dregið í áföngum. Auk þess er rekstraraðstoð sem er ætluð til að styrkja útflutning⁽³⁷⁾ milli EES-ríkja óheimil.

⁽²⁹⁾ Hvað varðar gildandi útgáfu, sjá 18. kafla III. hluta í þessum leiðbeiningum.

⁽³⁰⁾ Starf telst bundið framkvæmd fjárfestingarverkefnis ef það varðar starfsemina sem fjárfestingin tengist og ef það er skapað innan þriggja ára frá því fjárfestingu lýkur. Á þessu tímabili eru störf sem sköpuð eru í kjölfar aukinnar notkunar á þeirri framleiðslugetu sem leiddi af fjárfestingunni einnig tengd fjárfestingunni.

⁽³¹⁾ Fjöldi starfa samsvarar fjölda árlegra vinnueininga, þ.e. fjölda einstaklinga sem ráðnir eru í fullt starf á einu ári, hlutastörf og árstíðabundin störf eru hluti af árlegum vinnueiningum.

⁽³²⁾ Ekki þarf að taka fram að slík skilgreining gildir jafnt fyrir starfandi og ný fyrirtæki.

⁽³³⁾ Launakostnaður tekur til brúttólauna, þ.e. fyrir skatta, og skyldubundinna almannatryggingagjalda.

⁽³⁴⁾ Rekstraraðstoð er einkum í formi skattaftingjafar eða lækunar á almannatryggingagjöldum.

⁽³⁵⁾ Viðbótarflutningskostnaður þýðir aukakostnaður vegna vöruflytninga innan landamæra viðkomandi lands. Slík aðstoð má ekki undir neinum kringumstæðum vera útflutningsaðstoð, né heldur má hún felast í aðgerðum sem hafa sambærileg áhrif og magntakmarkanir á innflutning í skilningi 11. gr. EES-samningsins.

⁽³⁶⁾ Sjá XI. viðauka hvað varðar sérstaka skilmála fyrir svæði sem falla undir undanþáguna í c-lið 3. mgr. 61. gr. á grundvelli dreifbýlisviðmiðsins. Hvað varðar önnur svæði sem eiga rétt á aðstoð til að jafna að hluta til aukinn flutningskostnað, gilda sambærilegir skilmálar þeim sem um getur í XI. viðauka.

⁽³⁷⁾ „Útflutningsaðstoð“ merkir sérhverja aðstoð sem tengist útflutningsmagni, stofnsetningu eða rekstri dreifikerfis eða föstum útgjöldum af útflutningsstarfsemi. Hún tekur ekki til aðstoðar vegna kostnaðar af þátttöku í vörusýningum, eða könnunum eða ráðgjafarþjónustu sem þörf er á til að markaðssetja nýja eða fyrirbyggjandi vöru á nýjan markað. (Sjá 2. nmgr. í 12. kafla í þessum leiðbeiningum).

Reglur um uppsöfnun aðstoðar

- 29) Hámarksstyrkleiki aðstoðar sem kveðið er á um í samræmi við viðmiðin í 15. - 20. mgr. gildir um heildaraðstoð:
 - þegar styrkur er veittur samtímis samkvæmt mörgum áætlunum um byggðaaðstoð,
 - án tillits til þess hvort aðstoðin er veitt af staðaryfirvöldum, héraðs- eða ríkisstjórnnum eða öðrum.
- 30) Heimilt er að sameina aðstoð vegna atvinnusköpunar sem lýst er í 22. - 25. mgr. og fjárfestingaraðstoð sem lýst er í 6. - 21. mgr.⁽³⁸⁾ með fyrirvara um hámarksstyrkleikann sem ákveðinn er fyrir svæðið⁽³⁹⁾.
- 31) Þegar útgjöld sem eiga rétt á byggðaaðstoð, eiga að hluta til eða að öllu leyti, rétt á aðstoð í öðrum tilgangi, skal hagstæðasta hámarkið samkvæmt umræddum áætlunum gilda um sameiginlega hlutann.
- 32) Ef EFTA-ríki mælir fyrir um að heimilt sé að sameina ríkisaðstoð samkvæmt einni áætlun aðstoð samkvæmt öðrum áætlunum verður það að tilgreina sérstaklega, fyrir hverja áætlun, hvernig það ætlar að tryggja að farið sé að skilyrðunum sem kveðið er á um hér að framan.

25.5. KORT YFIR STYRKHÆF SVÆÐI OG YFIRLÝSING UM AÐ AÐSTOÐ SAMRÝMIST EES-SAMNINGNUM

- 1) Svæði EFTA-ríkis sem eiga rétt á aðstoð samkvæmt undanþágum og hámarksviðmið um styrkleika aðstoðar vegna stofnfjárfestingar eða atvinnusköpunar sem samþykkt hefur verið fyrir hvert svæði mynda til samans kort yfir styrkt svæði í EFTA-ríki.
- 2) Samkvæmt 3. mgr. 1. gr. í bókun 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól tilkynna EFTA-ríkin um drög að korti sem er gert í samræmi við viðmiðin í 5., 6. og 13. - 17. mgr. í kafla 25.3 og 15. - 20. mgr. í kafla 25.4. Eftirlitsstofnun EFTA samþykkir kortið í samræmi málsmeðferðina sem kveðið er á um í bókun 3 við fyrirnefndan samning, alla jafna með einni ákvörðun fyrir öll hlutaðeigandi svæði EFTA-ríkis og fyrir ákveðið tímabil. Innlend kort yfir styrkhæf svæði verða þannig reglulega tekin til endurskoðunar.
- 3) Eftirlitsstofnun EFTA samþykkir drög að áætlunum um aðstoð annaðhvort þegar kortið er gert eða síðar, samkvæmt svæðum, hámarksviðmiðum og gildistíma sem er ákveðinn fyrir kortið.
- 4) Framkvæmd áætlanna sem um getur í 3. mgr. er af hálfu EFTA-ríkjanna uppistaðan í ársskýrslum til Eftirlitsstofnunar EFTA í samræmi við gildandi reglur.
- 5) Á meðan kortið er í gildi geta EFTA-ríkin farið fram á breytingar á því ef sýnt er að félagsleg eða efnahagsleg skilyrði hafi breyst að verulegu leyti. Slíkar breytingar kunna að varða styrkleika aðstoðar og styrkhæf svæði, með þeim fyrirvara að í stað nýrra svæða sem eru tilnefnd falli brott svæði sem hafa sama íbúafjölda. Gildistíma leiðréttu kortsins lýkur á þeim degi sem þegar var ákveðinn fyrir upphaflega kortið.
- 6) Hvað varðar svæði sem missa stöðu sína samkvæmt a-lið 3. mgr. 61. gr. í kjölfar endurskoðunar á kortinu yfir styrkhæf svæði og öðlast stöðu samkvæmt c-lið 3. mgr. 61. gr. kann Eftirlitsstofnun EFTA að fallast tímabundið á að smám saman sé dregið úr styrkleika

⁽³⁸⁾ Aðstoð vegna atvinnusköpunar og fjárfestinga sem kveðið er á um í þessum leiðbeiningum má ekki sameina aðstoð vegna atvinnusköpunar sem skilgreind er í leiðbeiningunum um aðstoð til atvinnamála, sbr. 29. nmgr., þar sem hún gildir við ólíkar aðstæður og á mismunandi tímum. Þó er heimil aukning á aðstoð til styrkþega þar sem ástandið er sérstaklega slæmt samkvæmt fyrirkomulagi sem kveðið er á um í leiðbeiningunum um aðstoð til atvinnamála.

⁽³⁹⁾ Þessu skilyrði er talið fullnægt ef samanlögð aðstoð til upphafslegs fjárfestis, sem sýnd er sem hlutfall af fjárfestingunni, og aðstoð vegna atvinnusköpunar sem sýnd er sem hlutfall af launakostnaði, er ekki hærrí en hagstæðasta upphæðin sem leiðir annaðhvort af beitingu hámarksins sem er sett fyrir svæðið í samræmi við viðmiðin í 15. - 20. mgr. eða hámarksins sem sett er fyrir svæðið í samræmi við viðmiðin í 24. mgr.

aðstoðar sem slík svæði hafa átt rétt á samkvæmt a-lið 3. mgr. 61. gr., jafnt og þétt eða hraðar, þar til hámarksstyrkleika í samræmi við ákvæði 15. - 20. mgr. í kafla 25.4 hefur verið náð⁽⁴⁰⁾. Aðlögunartíminn má ekki vera lengri en tvö ár þegar um er að ræða rekstraraðstoð og fjögur ár þegar um er að ræða aðstoð til stofnfjárfestingar og atvinnusköpunar.

- 7) Auk listans yfir svæðin sem þau leggja til að fái umræddar undanþágur og viðmiðanna um styrkleika, geta EFTA-ríkin við gerð kortsins tilkynnt Eftirlitsstofnun EFTA, samkvæmt 3. mgr. 1. gr. í bókun 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, um alla aðra þætti sem þarf að taka til greina í ákvörðun rammareglna um aðstoðaráætlanir (markmið og form aðstoðarinnar, stærð fyrirtækja, o.s.frv.) sem þau áforma að taka upp, hvort sem það er á landsvísu, innan héraða eða staðbundið. Á meðan kortið er í gildi og innan marka gildistíma þess, er heimilt að tilkynna um allar áætlanir sem eru í samræmi við þessa rammaáætlun á grundvelli flýtimeðferðar.

25.6. GILDISTAKA, FRAMKVÆMD OG ENDURSKOÐUN

- 1) Að frátöldum aðlögunarákvæðunum sem fjallað er um í 5. og 6. mgr. hér að neðan mun Eftirlitsstofnun EFTA meta hvort byggðaaðstoð samrýmist EES-samningnum á grundvelli þessara leiðbeininga um leið og þær öðlast gildi. Þó verða tillögur um aðstoð sem tilkynntar eru áður en EFTA-ríkjunum er tilkynnt um þessar leiðbeiningar og sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur ekki enn samþykkt endanlega metnar á grundvelli viðmiða sem voru í gildi þegar tilkynningin var gerð.
- 2) Að auki mun Eftirlitsstofnun EFTA leggja til við EFTA-ríkin viðeigandi ráðstafanir, samkvæmt 1. mgr. 1. gr. í bókun 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, til að tryggja að öll kort um styrkhæf svæði og allar áætlanir um byggðaaðstoð í gildi þann 1. janúar árið 2000 samrýmist þessum leiðbeiningum.
- 3) Í þessu samhengi mun Eftirlitsstofnun EFTA leggja til sem viðeigandi ráðstöfun, samkvæmt 1. mgr. 1. gr. í bókun 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, að EFTA-ríkin takmarki gildistíma allra lista yfir aðstoðuð svæði sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti án lokadagsetningar, eða með lokadagsetningu eftir 31. desember 1999, við 31. desember 1999.
- 4) Eftirlitsstofnun EFTA mun einnig leggja til sem viðeigandi ráðstöfun, samkvæmt 1. mgr. 1. gr. í bókun 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, að EFTA-ríkin breyti öllum fyrirbyggjandi áætlunum um byggðaaðstoð sem verða í gildi eftir 31. desember 1999, þannig að þær samrýmist þessum leiðbeiningum frá 1. janúar árið 2000, og að þau tilkynni um fyrirhugaðar breytingar innan sex mánaða.
- 5) Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að víkja frá þessum leiðbeiningum til 31. desember 1999, þegar um er að ræða rannsókn á styrkhæfi listanna yfir svæði sem njóta aðstoðar (nýir listar eða breytingar) sem tilkynntir eru fyrir 1. janúar 1999, svo fremi gildistími þessara lista renni út 31. desember 1999. Í slíkum tilvikum mun Eftirlitsstofnun EFTA halda áfram að leggja til grundvallar aðferðina sem kveðið er á um í 28. kafla leiðbeininganna sem voru samþykktar og gefnar út af Eftirlitsstofnun EFTA 19. janúar 1994 (birt í Stjtið. EB L 231, 3. 9. 1994 og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 32, 3. 9. 1994, bls.1).
- 6) Eftirlitsstofnun EFTA er einnig heimilt að víkja frá þessum leiðbeiningum til 31. desember 1999, hvað varðar rannsókn á því hvort styrkleiki aðstoðar og hámark á sameinaðri aðstoð sem lögð eru til í nýju áætlunum, aðstoð í sérstökum tilvikum (ad hoc) og breytingum á fyrirbyggjandi áætlunum, sem tilkynntar voru fyrir 1. janúar 1999, teljist

⁽⁴⁰⁾ Aðlögunarákvæðin gilda ekki um hluta svæða sem samsvara II. stigs NUTS-svæðum í Evrópubandalaginu, sem missa stöðu sína samkvæmt a-lið 3. mgr. 61. gr. og sem hefði orðið að útiloka frá nýja kortinu, kæmi ekki til viðbótarprósenta íbúafjölda sem næst með því að beita annarri leiðréttingunni í 10. mgr. XII. viðauka við þessar leiðbeiningar.

samrýmanleg EES-samningnum, að því tilskildu að gildistími þessara styrkleika og hámarka á sameinaðri aðstoð renni út 31. desember 1999 eða að styrkleiki og hámark á sameinaðri aðstoð sem lögð eru til frá 1. janúar 2000 samrýmist þessum leiðbeiningum.

- 7) Eftirlitsstofnun EFTA mun endurskoða þessar leiðbeiningar innan fimm ára frá gildistöku þeirra. Henni er auk þess heimilt að ákveða að breyta þeim hvenær sem er ef slíkt er nauðsynlegt vegna stefnu í samkeppnismálum eða til að taka mið af annarri þróun á EES.

33.2 VIÐMIÐUNARVEXTIR

- 1) Viðmiðunarvextir eru notaðir til þess að færa aðstoð til núvirðis og til að reikna út aðstoðarþætti lána. Viðmiðunarvextirnir skulu endurspegla meðalvexti á viðkomandi markaði. Eftirlitsstofnun EFTA ákveður viðmiðunarvexti að fengnum tillögum EFTA-ríkis við upphaf hvers árs á grundvelli viðeigandi meðalviðmiðunarvaxta næstliðins ársfjórðungs (af tæknilegum ástæðum september, október og nóvember). Hins vegar verða viðmiðunarvextirnir leiðréttir aftur á árinu ef mismunurinn á gildandi viðmiðunarvöxtum og meðaltali þeirra vaxta sem byggt er á og sem skráðir hafa verið á síðustu þrem mánuðum fer yfir 15 prósent af ráðandi viðmiðunarvöxtum.
- 2) Viðmiðunar- eða afreiknivextir fyrir hvert EFTA-ríki eru nú ákveðnir sem hér segir:

Ísland: Meðalvextir (lægstu útlánsvextir) af bankalánum að viðbættu 1,5 prósentustigi á:

- a) Almenn lán (óverðtryggð); almenn skuldabréf, kjörvextir.
- b) Verðtryggð lán; vísitölubundin lán, kjörvextir.

Noregur: Meðalvextir af veðlánum (1. og 2. flokkur) sem norski iðnaðar- og byggðapróunarsjóðurinn veitir.

X. VIÐAUKI

HREINT STYRKSÍGILDI FJÁRFESTINGARAÐSTOÐAR⁽¹⁾

Eftirlitsstofnun EFTA notar sérstaka aðferð við að reikna út hreint styrksígildi aðstoðar þegar hún metur aðstoðaráætlanir sem EFTA-ríkin tilkynna til hennar. Að meginreglu til þurfa EFTA-ríkin því ekki að beita þessari aðferð og er hún einfaldlega birt hér til að auka gagnsæi.

1. ALMENNAR MEGINREGLUR

Útreikningur á hreinu styrksígildi felst í að umreikna allar tegundir aðstoðar sem tengjast fjárfestingu⁽²⁾ yfir í sameiginlega mælieiningu, óháð hvaða land á í hlut, þ.e. hreinan styrkleika, þannig að hægt sé að bera þær innbyrðis saman, eða við fyrirfram ákveðið hámark. Hér er um að ræða samanburðarmat sem gert er fyrirfram (ex ante) og endurspeglar ekki alltaf reikningskilavenjur.

Hreinn styrkleiki sýnir endanlegan ávinning sem talið er að fyrirtæki hafi af aðstoðinni, án skatta sem hlutfall af fjárfestingunni sem var styrkt. Þessi útreikningur má eingöngu að taka mið af útgjöldum vegna fjárfestinga í fastafjármunum í formi lands, bygginga og tækjabúnaðar, sem mynda staðlaðan útreikningsgrundvöll.

Þegar um er að ræða áætlanir þar sem útreikningsgrundvöllurinn tekur til viðbótarútgjalda verða þau að takmarkast við ákveðið hlutfall af staðlaða útreikningsgrundvöllinum. Allar áætlanir verða því rannsakaðar á grundvelli styrkleika þeirra með tilliti til útgjalda sem koma fram í staðlaða útreikningsgrundvöllinum eins og sýnt er í eftirfarandi dæmum⁽³⁾.

⁽¹⁾ X. viðauki samsvarar I. viðauka við orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar - Leiðbeiningar um innlenda byggðaaðstoð (Stjtið. EB C 74, 10.3.1998).

⁽²⁾ Skattaaðstoð getur talist aðstoð sem tengist fjárfestingu þegar hún grundvallast á fjárhæð sem fjárfest er fyrir á svæðinu. Að auki má tengja sérhverja skattaaðstoð fjárfestingu ef hámark er sett og gefið upp sem hlutfall af fjárhæðinni sem fjárfest er fyrir á svæðinu. Ef skattaaðstoðin dreifist á nokkur ár, má flytja sérhverja upphæð sem eftir er í lok tiltekins árs til næsta ár og hækka hana í samræmi við viðmiðunarvextina.

⁽³⁾ Þetta fyrirkomulag að endurreikna styrkleika gildir ekki um óefnislegar fjárfestingar sem um getur í 10. – 12. mgr. í kafla 25.4.

Dæmi 1

- Útreikningsgrundvöllur áætlunarinnar: tækjabúnaður
- Hámarksstyrkleiki áætlunarinnar: 30%

Þar sem öll útgjöld sem eiga rétt á aðstoð samkvæmt áætluninni koma fram í staðlaða útreikningsgrundvöllinum, mun Eftirlitsstofnun EFTA taka tillit til hámarksstyrkleika áætlunarinnar, þ.e. 30%, án frekari aðgerða. Ef hámarksstyrkleikinn sem Eftirlitsstofnun EFTA heimilar á viðkomandi svæði er 30% telst áætlunin standast að þessu leyti.

Dæmi 2

- Útreikningsgrundvöllur áætlunarinnar: tækjabúnaður, byggingar og einkaleyfi allt að 20% af fyrrnefndum útgjöldum
- Hámarksstyrkleiki áætlunarinnar: 30%

Öll útgjöld sem eiga rétt á aðstoð samkvæmt áætluninni koma annaðhvort fram í staðlaða útreikningsgrundvöllinum (tækjabúnaður, byggingar) eða í skránni yfir styrkhæf óefnisleg útgjöld (einkaleyfi). Síðastnefndu útgjöldin mega ekki fara yfir 25% af staðlaða útreikningsgrundvöllinum. Þegar svo háttar mun Eftirlitsstofnun EFTA taka tillit til hámarksstyrkleika áætlunarinnar, þ.e. 30%, án frekari aðgerða. Ef hámarksstyrkleiki sem Eftirlitsstofnun EFTA heimilar á viðkomandi svæði er 30% telst áætlunin standast að þessu leyti.

Dæmi 3

- Útreikningsgrundvöllur áætlunarinnar: byggingar, tækjabúnaður, land og birgðir allt að 50% af fyrrnefndum útgjöldum
- Hámarksstyrkleiki áætlunarinnar: 30%

Eftirlitsstofnun EFTA mun taka tillit til hámarksstyrkleika áætlunarinnar með hliðsjón af staðlaða útreikningsgrundvöllinum, þ.e. $30\% \times 1,5 = 45\%$. Ef hámarksstyrkleiki sem Eftirlitsstofnun EFTA heimilar á viðkomandi svæði er 30% telst áætlunin ekki standast nema dregið sé úr styrkleika þannig að hann verði $30\% : 1,5 = 20\%$.

Dæmi 4

- Útreikningsgrundvöllur áætlunarinnar: byggingar
- Hámarksstyrkleiki áætlunarinnar: 60%

Ef svæðisbundið hámark sem Eftirlitsstofnun EFTA heimilar er 30% er ekkert sem tryggir að aðstoðin samrýmist því hámarki. Styrkleikinn sem kveðið er á um í áætluninni er hærri en svæðisbundna hámarkið en gildir fyrir lægri útreikningsgrundvöll. Áætlunin telst því ekki standast að þessu leyti nema skýru skilyrði sé bætt við um að farið skuli eftir svæðisbundna hámarkinu sem gildir fyrir endanlegan útreikningsgrundvöll.

Ákvörðun á hreinu styrksígildi grundvallast eingöngu á útreikningi á sköttum og núvirði, nema þegar um er að ræða tilteknar tegundir aðstoðar sem þurfa sérstaka meðferð. Slíkir útreikningar eru gerðir á grundvelli þátta sem kveðið er á um í aðstoðaráætluninni eða skattalögum viðkomandi lands og tiltekinna breyta sem ráðast af hefð.

1.1 Skattlagning

Reikna skal styrkleika aðstoðar eftir skatt, þ.e. að frádrægnu sköttum sem ber að greiða af henni, einkum sköttum af hagnaði fyrirtækis. Þetta felst í hugtakinu hreint styrksígildi sem sýnir aðstoð til styrkþega eftir greiðslu á viðeigandi skatti, að því gefnu að fyrirtækið skili hagnaði strax á fyrsta ári þannig að hámarksskattur sé lagður á aðstoðina.

1.2 Útreikningur til núvirðis

Núvirði er reiknað á ýmsum stigum við ákvörðun á hreinu styrksígildi. Þegar aðstoðin og/eða fjárfestingarútgjöldin jafnast niður á tíma verður í fyrsta lagi að taka til greina raunverulega tímasetningu á greiðslu aðstoðar og útgjalda. Þar af leiðandi eru fjárfestingarútgjöld og greiðslur aðstoðar færðar til núvirðis aftur til loka ársins þegar fyrirtækið afskrifaði í fyrsta sinn. Í öðru lagi er hagnaður af endurgreiðslu á niðurgreiddu láni eða skatti sem lagður var á styrk reiknaður til núvirðis.

Vextir sem eru notaðir í slíkum tilvikum eru viðmiðunar- eða afreiknivextir sem Eftirlitsstofnun EFTA ákveður fyrir hvert EFTA-ríki. Auk þess sem þeir eru notaðir sem afreiknivextir eru þeir einnig notaðir til að reikna vaxtastyrk fyrir lán á lágum vöxtum.

1.3 Sérstök tilvik

Auk skattlagningar og núvirðisútreikninga sem lýst er hér að framan verður að meðhöndla ákveðnar tegundir af aðstoð sérstaklega. Þannig að ef um er að ræða aðstoð vegna leigu á byggingu, er aðstoðin mæld með því að færa til núvirðis mismuninn á leigunni sem fyrirtækið greiðir og hugsanlegri leigu sem samsvarar viðmiðunarvöxtunum sem lagðir eru á verðmæti byggingarinnar, að viðbætti fjárhæð sem samsvarar afskriftum á byggingunni á viðkomandi ári. Sambærileg aðferð er notuð vegna aðstoðar til að fjármagna eignaleigu⁽⁴⁾.

Þegar um er að ræða aðstoð vegna leigu á landi er hugsanlega leigan reiknuð út frá verðmæti landsins með því að beita viðmiðunarvöxtum, að frádregnu verðbólguþætti.

2. HREINT STYRKSÍGILDI FJÁRFESTINGARAÐSTOÐAR Í FORMI FJÁRMAGNSSTYRKS

2.1 Almenn

Fjárfestingaraðstoð til fyrirtækis í formi fjármagnsstyrks er fyrst og fremst sýnd sem hundradshlutfall af fjárfestingunni sem samsvarar ígildi nafnstyrks eða brúttóstyrks.

Samkvæmt almennu matsaðferðinni samsvarar hreint styrksígildi aðstoðar þeim hluta styrksins sem kemur í hlut styrkþega eftir að skattar hafa verið greiddir af hagnaði fyrirtækis.

Í flestum tilvikum eru styrkirnir sjálfir ekki skattlagðir heldur dregnir frá virði fjárfestinga sem hægt er að afskrifa. Þetta þýðir að fjárfestir afskrifar árlega lægri fjárhæð en hann hefði gert hefði hann ekki fengið aðstoð. Þar sem draga má afskriftarfjárhæðir frá skattskyldum hagnaði, eykur styrkurinn hlut ríkisins ár hvert í formi skatts á hagnað fyrirtækis.

Skattlagningaraðferðin sem notuð er gagnvart styrkjum sem lýst er hér að framan og sem felst í að bæta styrknum við hagnað í samræmi við afskriftir er algengasta aðferðin sem er notuð í EES-rikkjunum, en dæmi eru um aðrar skattlagningaraðferðir í tilteknum áætlunum.

2.2 Dæmi um útreikning

Dæmi 1: Aðstoðin er ekki skattskyld

Í öllum EES-rikkjunum eru styrkir alla jafna bókfærðir sem skattskyldar tekjur. Þó kunna þeir að vera undanþegnir skatti, einkum þegar um er að ræða ákveðna aðstoð á sviði rannsókna og þróunar. Þegar svo háttar er hreint styrksígildi jafnt nafnstyrk.

Dæmi 2: Fjárfestingin tekur aðeins til eins útgjaldaflokks og styrkurinn er að fullu skattlagður í lok fyrsta fjárhagsársins

Þetta felur í sér að allur styrkurinn fellur undir skatt á hagnað fyrirtækis frá fyrsta ári og áfram. Þetta fyrirkomulag er ekki óraunhæft ef haft er í huga að fyrirtæki sem alla jafna verða fyrir tapi á fyrsta rekstrarári geta flutt það yfir á næstu fjárhagsár.

⁽⁴⁾ Hafa skal í huga að útgjöld vegna kaupa leigufyrirtækisins á landi eða húsnæði geta talist eiga rétt á aðstoð, enda hafi verið sýnt fram á að viðkomandi aðstoð sé nauðsynleg.

Til að reikna út hreint styrksígildi er álagður skattur dreginn frá styrknum.

Til dæmis: fjárfesting: 100
nafnstyrkur: 20
skatthlutfall: 40,0%

Skatturinn sem lagður er á styrkinn er því $20 \times 40\% = 8$

Hreint styrksígildi er því: $(20 - 8)/100 = 12\%$

Dæmi 3: Fjárfestingin tekur aðeins til eins útgjaldaflokks og skattlagning á styrknum dreifist jafnt á fimm ára tímabil.

Í þessu tilviki er styrkurinn skattlagður í jafn stórum hlutum í fimm ár. Einum fimmta af aðstoðinni er þannig bætt við hagnað hvers árs í fimm ár. Til að reikna út hreint styrksígildi er afreiknaður skattur sem lagður er á árlega á hvern fimmtung samkvæmt gildandi skattaráðstöfunum dreginn frá styrknum.

Til dæmis: fjárfesting: 100
nafnstyrkur: 20
skatthlutfall: 40,0%
afreiknivextir: 8,0%

Taflan hér á eftir sýnir hvernig árlegir skattar og núvirði eru reiknuð:

Tímabil	Skattur á styrk (1)	Afreikniþáttur (2)	Núvirði (1) x (2)
Við lok 1. árs	$(20/5) \times 40\%$	1.0	1,600
Við lok 2. árs	$(20/5) \times 40\%$	$1/(1 + 0,08)^1$	1,481
Við lok 3. árs	$(20/5) \times 40\%$	$1/(1 + 0,08)^2$	1,372
Við lok 4. árs	$(20/5) \times 40\%$	$1/(1 + 0,08)^3$	1,270
Við lok 5. árs	$(20/5) \times 40\%$	$1/(1 + 0,08)^4$	1,176
Samtals:			6,900

Heildarupphæðin í síðasta dálkinum sýnir niðurstöðutölu skatta á núvirði sem eru lagðir á ár hvert. Hana ber að draga frá nafnstyrk til að fá út hreint styrksígildi.

Þannig er hreint styrksígildi: $(20 - 6,9)/100 = 13,1\%$

Ath: Skatturinn sem lagður er á styrkinn er afreiknaður í lok fyrsta árs þar sem gert er ráð fyrir að þá afskrifi fyrirtæki í fyrsta sinn.

Dæmi 4: Fjárfestingin tekur til þriggja flokka fjárfestingaútgjalda: lands, bygginga og tækjabúnaðar sem skattlögð eru á mislögum tíma

Þrjár gerðir útgjalda mynda það sem kallað er staðlaður útreikningsgrundvöllur fyrir aðstoð. Útgjöldum er skipt með hliðsjón af staðlaða útreikningsgrundvelli með því að nota eftirfarandi hlutfallstölu fyrir öll EFTA-ríkin:

- Land: 5
- Byggingar: 45
- Tækjabúnaður: 50

Þessir þættir eru notaðir til að reikna fræðilegt hreint styrksígildi samkvæmt áætlunum um aðstoð. Þegar um einstök tilvik aðstoðar er að ræða er hins vegar notuð raunveruleg sundurliðun fyrir hina þrjá flokka útgjalda í staðlaða grundvellinum.

Þar sem styrkurinn er skattlagður mishratt eftir útgjaldaflokki er byrjað á því að skipta styrknum hlutfallslega milli þeirra liða sem mynda grundvöll aðstoðarinnar.

Næsta skref er að reikna út skattafjárhæðir sérstaklega fyrir hvern útgjaldaflokk (útreikningar eru af sama toga og þeir sem lýst er í dæmi 3).

Að lokum eru skattarnir dregnir frá nafnstyrk til að fá út hreint styrksígildi:

Hreint styrksígildi = NAFNSTYRKUR að frádregnum:

- Skattinum á aðstoð vegna lands
- Skattinum á aðstoð vegna bygginga
- Skattinum á aðstoð vegna tækjabúnaðar

Til dæmis:	fjárfesting :	100	
	þar af:	- land:	3 sem ekki má afskrifa
		- byggingar:	33 jafnar afskriftir á 20 árum
		- tækjabúnaður:	64 afskriftir sem lækka í áföngum á fimm árum
	nafnstyrkur:	20	
	skatthlutfall:	55 %	
	afreiknivextir:	8 %	

Útreikningur á skatti á aðstoð vegna lands

Almennt er ekki hægt að afskrifa land. Ef gengið er út frá því að aðstoð sé skattlögð í samræmi við afskriftahraða er aðstoð sem veitt er vegna lands ekki skattlögð og ekki er hægt að draga neinn skatt frá styrk sem veittur er vegna lands.

Útreikningur á skatti á aðstoð vegna bygginga

Ef gengið er út frá því að aðstoð sem veitt er vegna byggingar sé skattlögð í jöfnum hlutum og jafnóðum og er afskrifað, þ.e. á 20 árum:

- yrði nafnstyrkur vegna bygginga: $20 \times 33\% = 6,6$
- yrði hlutdeild þess styrks í hagnaði árlega: $6,6/20 = 0,33$
- yrði fjárhæð skatts á þann hluta: $0,33 \times 55\% = 0,18$

Í 20 ár yrði ár hvert krafist fjárhæðar sem nemur 0,18 af hagnaði vegna styrks til bygginga. Ef þessar fjárhæðir eru afreiknaðar til loka fyrsta árs (sama útreikningsaðferð og í töflunni í dæmi 3), yrði heildarskattur á því tímabili á aðstoð vegna bygginga 1,925.

Útreikningur á skatti á aðstoð vegna tækjabúnaðar

Gerum ráð fyrir að aðstoð vegna tækjabúnaðar sé skattlögð jafnóðum og afskrifað er, þ.e. með þeirri aðferð að draga smám saman úr því hlutfalli sem skattlagt er, á fimm árum, þannig að prósentan væri: 40%, 24%, 14,4%, 10,8% og 10,8%.

Ólíkt því sem á við um byggingar er skattlagning hér mismunandi milli ára. Því verður að reikna út skattinn frá ári til árs. Hluttur nafnstyrks sem úthlutað er vegna tækjabúnaðar er $20 \times 64\% = 12,8$.

Útreikningur á skattálögum

Tímabil	Skattur á styrk (1)	Afreikniþáttur (2)	Núvirði (1) x (2)
Við lok 1. árs	$12,8 \times 40\% \times 55\%$	1,0	2,816
Við lok 2. árs	$12,8 \times 24\% \times 55\%$	$1/(1 + 0,08)^1$	1,564
Við lok 3. árs	$12,8 \times 14,4\% \times 55\%$	$1/(1 + 0,08)^2$	0,869
Við lok 4. árs	$12,8 \times 10,8\% \times 55\%$	$1/(1 + 0,08)^3$	0,604
Við lok 5. árs	$12,8 \times 10,8\% \times 55\%$	$1/(1 + 0,08)^4$	0,559
Samtals:			6,412

Útreikningur á hreinu styrksígildi:

- nafnstyrkur: 20
- að frádregnum:
 - skatti á aðstoð vegna lands: 0
 - skatti á aðstoð vegna bygginga: - 1,925
 - skatti á aðstoð vegna tækjabúnaðar: - 6,412

Hreint styrksígildi = 11,6%

Athugasemdir:

- Skattlagning styrkja, sem vísað er til í almennu aðferðinni við að meta aðstoð, fellur bæði undir skattalög viðkomandi EFTA-ríkja og allar sérstakar ráðstafanir samkvæmt umræddri áætlun.
- Í því skyni að ákvarða hreint styrksígildi er því þörf á ítarlegum upplýsingar um:
 - skattprósentur á hagnað í viðkomandi landi,
 - gildandi afskriftarreglur eða sérstaka aðferð við að sameina aðstoð hagnaði sem mælt er fyrir um í umræddri áætlun.
- HREINT STYRKSÍGILDI FJÁRFESTINGARAÐSTOÐAR Í FORMI NIÐURGREIDDS LÁNS

3.1 Almenn

Fjárfestingaraðstoð til fyrirtækis í formi niðurgreidds láns er til að byrja með gefin upp sem fjöldi prósentustiga vaxtaafsláttarins, þ.e. sem mismunurinn á viðmiðunarvöxtunum og vöxtunum sem lánveitandi krefst.

Einu áhrifin af vaxtaafslætti eru að lækka vaxtagjöld, þar sem gert er ráð fyrir að endurgreiðsla á fjármagni eigi sér stað á sama hátt hvort sem vextir eru eðlilegir eða lækkaðir.

Þessi ávinningur af endurgreiðslu á láni er sýndur sem hlutfall af fjárfestingu eins og fyrir fjármagnsstyrk. Þannig fæst ígildi nafnstyrks eða brúttóstyrks.

Þetta sýnir ekki endanlegan hagnað fyrirtækis af vaxtarstyrk. Þar sem vaxtagjöld eru frádráttarþær frá skattskyldum hagnaði þýðir vaxtastyrkur tap á hluta af slíkum skattafrádrætti og að hlutur ríkisins í formi skatta á fyrirtækishagnað eykst.

Þar af leiðandi fæst hreint styrksígildi með því að draga skattinn, sem ríkið leggur á aukninguna á skattskyldum hagnaði sem leiðir af afslættinum, frá brúttóstyrksígildi.

Eins og þegar um styrk er að ræða reiknast hreint styrksígildi af niðurgreiddum láni útfrá þáttum sem annaðhvort felast í aðstoðaráætluninni eða skattalögum viðkomandi lands, að viðbættum öðrum þáttum sem helgast af venju.

Eftirfarandi þættir eru nauðsynlegir til að reikna út hreint styrksígildi fjárfestingaraðstoðar í formi niðurgreidds láns:

- lánstímabilið,
- lengd afborgunarlausna tímabilsins, þ.e. upphafstímabilið þegar ekki þarf að greiða af láninu, en vextir eru greiddir af heildarfjárhæð höfuðstóls,
- fjöldi prósentustiga afsláttarins,
- gildistími afsláttarins, sem ekki er endilega sá sami og fyrir lánið,
- upphæð lánsins sem prósentu eða hlutfall fjárfestingarinnar,
- viðmiðunar/afreiknivextir,
- skatthlutfall.

Einnig er nauðsynlegt að þekkja skilyrði fyrir endurgreiðslu lánsins. Í flestum tilvikum er lán endurgreitt jafnt og þétt, í jöfnum hlutum og vextir greiddir af eftirstöðvum. Endurgreiðsla er stundum í formi fastra árlegra greiðslna og þegar svo háttar er tekið mið af því við útreikning á hreinu styrksígildi.

3.2 Dæmi um útreikning

Dæmi 1

1. Breytur

- lánstíminn er tíu ár, endurgreiðslan er jöfn og ekkert afborgunarlaust tímabil,
- afslátturinn er þrjú prósentustig á öllu lánstímabilinu,
- lánið nemur 40% af fjárfestingunni,
- viðmiðunar-/afreiknivextir eru 8%,
- skatthlutfallið er 35%.

2. Útreikningur á einingargjafabættinum

Einingargjafabætturinn er nafnstyrksígildi vaxtaafsláttar sem nemur einu stigi fyrir lán sem er 100% af fjárfestingunni, að teknu tilliti til einkenna aðstoðarinnar sem notuð eru sem breytur. Hann er reiknaður á eftirfarandi hátt:

Við árslok nr.	Lán: Eftirstöðvar (1)	Eins stigs vaxtaafsláttur (2)	Hagnaður (1) x (2)	Afreikniþáttur (3)	Núvirði* (1)x(2)x(3)
1	100	1 %	1	$1/(1+0,08)^1$	0,926
2	90	1 %	0,9	$1/(1+0,08)^2$	0,772
3	80	1 %	0,8	$1/(1+0,08)^3$	0,635
4	70	1 %	0,7	$1/(1+0,08)^4$	0,515
5	60	1 %	0,6	$1/(1+0,08)^5$	0,408
6	50	1 %	0,5	$1/(1+0,08)^6$	0,315
7	40	1 %	0,4	$1/(1+0,08)^7$	0,233
8	30	1 %	0,3	$1/(1+0,08)^8$	0,162
9	20	1 %	0,2	$1/(1+0,08)^9$	0,100
10	10	1 %	0,1	$1/(1+0,08)^{10}$	0,046
				Einingargjafabættur: 4,112	

(*) Útreikningur til núvirðis hefst við upphaf fyrsta árs.

3. Útreikningur á hreinu styrksígildi

Hreint styrksígildi fæst einfaldlega með því að margfalda einingargjafabáttinn með eiginleikum aðstoðarinnar (þriggja stiga vaxtaafsláttinum, 40% láns hlutanum og óskattlagða hluta aðstoðarinnar: (1-35%)):

$$\text{Hreint styrksígildi} = 4,112 \times 3 \times 40\% \times (1 - 35\%) = 3,21\%$$

Dæmi 2

1. Breytur

Breyturnar eru þær sömu og í dæmi 1, en með tveggja ára afborgunarlausu tímabili. Þetta þýðir að ekki er greitt af höfuðstól fyrstu tvö árin. Því er tíu ára lán greitt í átta jafn stórum hlutum frá þriðja til tíunda árs. Á þessum tíu árum ber að greiða vexti af eftirstöðvum.

2. Útreikningur á einingargjafabætti

Við árslok nr.	Lán: Eftirstöðvar (1)	Eins stigs vaxtaafsláttur (2)	Hagnaður (1) x (2)	Afreikniþáttur (3)	Núvirði* (1)x(2)x(3)
1	100	1%	1	$1/(1+0,08)^1$	0,926
2	100	1%	1	$1/(1+0,08)^2$	0,857
3	100	1%	1	$1/(1+0,08)^3$	0,794
4	87,5	1%	0,875	$1/(1+0,08)^4$	0,643
5	75,0	1%	0,750	$1/(1+0,08)^5$	0,510
6	62,5	1%	0,625	$1/(1+0,08)^6$	0,394
7	50	1%	0,500	$1/(1+0,08)^7$	0,292
8	37,5	1%	0,375	$1/(1+0,08)^8$	0,203
9	25,0	1%	0,250	$1/(1+0,08)^9$	0,125
10	12,5	1%	0,125	$1/(1+0,08)^{10}$	0,058
				Einingargjafabáttur: 4,802	

(*) Útreikningur til núvirðis hefst við upphaf fyrsta árs.

3. Útreikningur á hreinu styrksígildi

Eins og í dæmi 1 er einingargjafabátturinn margfaldaður með fjölda afsláttastiganna, hlutfalli útgjalda sem lánið tekur til og óskattlagða hluta aðstoðarinnar:

$$\text{Hreint styrksígildi} = 4,802 \times 3 \times 40\% \times (1 - 35\%) = 3,75\%$$

Athugasemd: Í ljós kemur að tilkoma afborgunarlausu tímabilsins - allt annað er óbreytt - hefur í för með sér aukningu á hreinu styrksígildi. Afborgunarlausu tímabilið eykur eftirstöðvar ár hvert og þar með hagnaðinn sem afslátturinn hefur í för með sér og þar af leiðandi einingargjafabáttinn.

Dæmi 3

1. Breytur

Sömu þættir og í dæmi 2, en lánið ber að endurgreiða með jöfnum árlegum greiðslum afborgana og vaxta.

Í þessu dæmi er útreikningsaðferðin gjörólík þeirri sem er notuð í tveim fyrstu dæmunum: í fyrsta lagi eru „venjulegar“ árlegar greiðslur, þ.e. án vaxtaafsláttar reiknaðar, síðan greiðslur „með afslætti“. Mismunurinn á þessum tveim röðum er sýndur frá ári til árs og niðurstöður afreiknaðar til að fá út styrksígildið.

2. Útreikningur á styrksígildi

Jafnar árlegar greiðslur afborgana og vaxta, sem eru sýndar sem hlutfall af láninu, eru reiknaðar á eftirfarandi hátt:

$$A = i / (1 - r \cdot n)$$

$$\text{þar sem } r = 1 / (1 + i)$$

i er vaxtaþrósentan og n fjöldi ára sem afborgunin tekur til. Útreikningarnir hér á eftir grundvallast á 100 eininga láni:

Ár	Venjuleg greiðsla (1)	Árleg greiðsla með vaxtaafslætti (2)	Hagnaður (3)	Afreikniþáttur (4)	Núvirði* (3)x(4)
1	100	1%	1	$1/(1+0,08)^1$	0,926
1	8	5	3	$1/(1+0,08)^1$	2,778
2	8	5	3	$1/(1+0,08)^2$	2,572
3	17,401	15,472	1,929	$1/(1+0,08)^3$	1,532
4	17,401	15,472	1,929	$1/(1+0,08)^4$	1,418
5	17,401	15,472	1,929	$1/(1+0,08)^5$	1,313
6	17,401	15,472	1,929	$1/(1+0,08)^6$	1,216
7	17,401	15,472	1,929	$1/(1+0,08)^7$	1,126
8	17,401	15,472	1,929	$1/(1+0,08)^8$	1,042
9	17,401	15,472	1,929	$1/(1+0,08)^9$	0,965
10	17,401	15,472	1,929	$1/(1+0,08)^{10}$	0,894
				Styrksígildi:	14,85%

(*) Útreikningur til núvirðis hefst við upphaf fyrsta árs.

3. Útreikningur á hreinu styrksígildi

Hreint styrksígildi fæst með því að margfalda styrksígildið með lánshlutanum og óskattlagða hluta styrksins:

$$\text{Hreint styrksígildi} = 14,85 \times 40\% \times (1 - 35\%) = 3,86\%$$

Athugasemd: Ef ekki er um að ræða neitt afborgunarlaust tímabil er hreint styrksígildi reiknað á sama hátt 3,41%.

3.3 Formúla til að reikna hreint styrksígildi af niðurgreiddu láni

Fyrirnefndar aðferðir, sem auðveldlega er hægt að setja í tölvureikni, gera kleift að reikna hreint styrksígildi láns á lágum vöxtum í samræmi við eiginleika hvers tilviks fyrir sig. Í flestum tilvikum er einnig hægt að reikna hreint styrksígildi beint með því að beita eftirfarandi formúlu.

1. Stærðir sem eru notaðar við útreikninginn

- i eru viðmiðunarvextir á tíma milli gjalddaga og $r = 1/(1+i)$
- i' er stig vaxtaafsláttar á tíma milli gjalddaga og $r' = 1/(1+i')$
- P er tímabil lánsins (í fjölda endurgreiðslutímabila)
- Q er lánshlutfallið
- T er skattprósenta
- F er fjöldi hugsanlegra afborgunarlausra tímabila (í fjölda gjalddaga): á afborgunarlausu tímabilinu eru aðeins endurgreiddir vextir af láninu, á niðurgreiddum vöxtum. ($F=0$ ef ekki er um að ræða neitt afborgunarlaust tímabil).

2. Jöfn endurgreiðsla

$$\text{Hreint styrksígildi} = (1 - T) Q \left(1 + \frac{r^P - r^F}{i \times (P - F)} \right)$$

3. Endurgreiðsla með jöfnum árlegum greiðslum afborgana og vaxta

$$\text{Hreint styrksígildi} = (1 - T) Q \left[1 - \left(\frac{i'}{i} \right) \times \left(1 - r^F + \frac{r^F - r^P}{1 - r'^{P-F}} \right) \right]$$

XI. VIÐAUKI

AÐSTOÐ TIL AÐ MÆTA AUKAFLUTNINGSKOSTNAÐI Á SVÆÐUM SEM GETA FENGID UNDANÞÁGU SAMKVÆMT C-LIÐ 3. MGR. 61. GR. Á GRUNDEVILLI DREIFBÝLISVIÐMIÐSINS

Skilyrði sem uppfylla skal

- Aðstoðin má einungis vera til að mæta aukaflutningskostnaði. Viðkomandi EFTA-ríki verður að sýna fram á með hlutlægum rökum að þörf sé á bótum. Aldrei má veita bætur umfram kostnað. Taka ber til greina aðrar aðstoðaráætlanir vegna flutninga.
- Eingöngu er heimilt að veita aðstoð í tengslum við aukakostnað vegna vöruflutninga innan landamæra viðkomandi lands. Aðstoðin má ekki verða að útflutningsstyrk.
- Aðstoð verður að vera unnt að ákvarða fyrirfram á hlutlægan hátt á grundvelli aðstoðar miðað við hvern kílómetra eða á grundvelli aðstoðar miðað við hvern kílómetra og aðstoðar miðað við hverja þyngdareiningu, og gera verður ársskýrslu þar sem meðal annars kemur fram hvernig hlutfallið eða hlutföllin virka.
- Áætlaður aukakostnaður af flutningum verður að miðast við hagstæðasta flutningsmátann og stystu vegalengdina milli framleiðslu- eða vinnslustaðar og sölustaða.
- Eingöngu er heimilt að veita fyrirtækjum aðstoð sem hafa aðsetur á svæðum sem eiga rétt á byggðaaðstoð á grundvelli nýja dreifbýlisviðmiðsins. Þessi svæði eru fyrst og fremst svæði sem samsvara III. stigs NUTS-svæði⁽¹⁾ - þar sem íbúar eru færri en 12,5 á ferkílómetra. Hins vegar er leyfður ákveðinn sveigjanleiki við val á svæðum innan eftirfarandi marka:
 - ekki má túlka sveigjanleika við val á svæðum á þann hátt að auka fjölda íbúa á svæðum sem flutningsaðstoð tekur til,
 - þeir hlutar af III. stigs NUTS-svæði sem hægt er að sýna sveigjanleika verða að vera með færri en 12,5 íbúa á ferkílómetra,
 - svæðin verða að liggja að III. stigs NUTS-svæðum sem uppfylla dreifbýlisviðmiðið,
 - íbúafjöldi þeirra skal vera lágur miðað við heildaríbúafjölda sem flutningsaðstoðin tekur til.
- Óheimilt er að veita aðstoð vegna flutninga eða vörusendinga fyrirtækja sem ekki geta starfað annars staðar (vörur úr námaðnaðinum, vatnsaflsraforkustöðvar, o.s.frv.).
- Flutningsaðstoð til fyrirtækja í iðnaði sem Eftirlitsstofnun EFTA telur viðkvæman (bílaíðnaður, gervitrefjaiðnaður, skipasmíðar og stáliðnaður) ber ávallt að tilkynna fyrirfram og skal hún heyra undir gildandi leiðbeiningar í viðkomandi atvinnugrein.

⁽¹⁾ Flokkun hagskýrslusvæða í Evrópubandalaginu.

XII. VIÐAUKI

AÐFERÐ TIL AÐ ÁKVARÐA EFRI MÖRK FYRIR ÍBÚAFJÖLDA SVÆÐA SEM FALLA UNDIR UNÐANÞÁGUNA Í C-LIÐ 3. MGR. 61

1. Þegar Eftirlitsstofnun EFTA beitir c-lið 3. mgr. 61. gr. byggir hún ákvarðanir sínar á aðferð sem tekur mið af byggðalegu misræmi í hverju landi og á milli landa á EES (sjá I. þátt). Niðurstöðurnar eru síðan aðlagðar til að taka mið af öðrum þáttum (sjá II. þátt).

I. ÞÁTTUR

2. Landfræðilega einingin sem er notuð er III. stigs NUTS-svæði eða í réttlætanlegum tilvikum önnur en samstæð landfræðileg eining. Fyrir hvert III. stigs NUTS-svæði eru reiknaðar út vísitölur vergrar landsframleiðslu á íbúa í kaupmáttareiningum og atvinnuleysi miðað við landsmeðaltal og sýna vísibændarnir meðaltal þriggja ára.
2. Félags- og efnahagsleg staða svæðisins er skoðuð með tilliti til ákveðinna viðmiðunarmarka. Þessi viðmið eru reiknuð fyrir verga landsframleiðslu á íbúa í kaupmáttareiningum og atvinnuleysi og fyrir hvert viðkomandi EFTA-ríki.
4. Þessi mörk eru reiknuð í tveim þrepum. Á fyrsta þrepi eru reiknuð út grundvallarviðmiðunarmörk fyrir öll EES-ríkin, sem fastsett eru 85 fyrir verga landsframleiðslu á mann og 115 fyrir atvinnuleysi.
5. Á öðru þrepi eru grundvallarviðmiðunarmörkin aðlöguð til að taka mið af breytilegri stöðu hvers EFTA-ríkis miðað við EES-meðaltal. Formúlan sem notuð er er sem hér segir:

$$\text{Viðmiðunarmark} = \frac{1}{2} \times \left(\frac{\text{grundvallarviðmiðunarmark} + \text{grundvallarviðmiðunarmark} \times 100}{\text{EES - vísitala}} \right)$$

EES-vísitalan sýnir stöðuna í mismunandi EFTA-ríkjum í formi atvinnuleysis eða vergrar landsframleiðslu á íbúa í kaupmáttareiningum sem hlutfall af samsvarandi EES-meðaltali. EES-vísitalan er reiknuð út sem meðaltal sama þriggja ára tímabils og notað er fyrir svæðisvísitölurnar.

6. Viðmiðin sem eru notuð til að úthluta efri mörkum fyrir svæði sem falla undir c-lið 3. mgr. 61. gr. eru því þengri eftir því sem staðan er betri í viðkomandi EFTA-ríki að því er varðar atvinnuleysi eða lífshæð og öfugt.
7. Til að koma í veg fyrir að atvinnuleysisviðmiðið verði of strangt er samsvarandi lágmarksviðmið hins vegar ekki hærra en 150. Þetta auðveldar veitingu svæðaaðstoðar í EFTA-ríkjum þar sem verulegs misræmis gætir í atvinnuleysi innanlands enda þótt staða þess sé ekki svo slæm miðað við EES í heild. Þar sem mismunur á vergri landsframleiðslu á íbúa í kaupmáttareiningum er tiltölulega lítill milli EES-ríkja, hefur ekki verið talið nauðsynlegt að fastsetja lágmarksviðmið.
8. Svæðavísibændarnir eru síðan bornir saman við fyrrnefnd viðmiðunarmörk sem gera kleift að meta hvort nægilegt misræmi sé á viðkomandi svæði til að það sé tekið til greina við útreikning á efri mörkum íbúafjölda innanlands. Íbúafjöldi allra svæða sem ekki eiga rétt á svæðaaðstoð samkvæmt a-lið 3. mgr. 61. gr., en þar sem nægilegt misræmi er á milli svæða miðað við að minnsta kosti eitt af tveim fyrrnefndum viðmiðunarmörkum, er lagður saman fyrir hvert EFTA-ríki.
9. Hámarksíbúafjöldi hvers EFTA-ríkis samkvæmt undanþáguákvæði c-liðar 3. mgr. 61. gr. er reiknaður út með því að margfalda samanlagða tölu fyrir hvert EFTA-ríki sem lýst er hér að framan með hlutfallinu milli heildaríbúafjölda EB-svæða sbr. c-lið 3. mgr. 92. gr. og heildarfjölda EB-íbúa sem búa á svæðum þar sem nægilegt misræmi er á milli svæða.

II. ÞÁTTUR

10. Niðurstöðurnar sem fast í I. þætti eru leiðréttar ef þörf krefur til að:
- tryggja hverju EFTA-ríki að íbúar svæða sem njóta stuðnings samkvæmt undanþáguákvæði c-liðar séu að minnsta kosti 15% og fari ekki yfir 50% af íbúafjölda svæða sem ekki falla undir undanþáguákvæði a-liðar 3. mgr. 61. gr.,
 - ná nauðsynlegu stigi í hverju EFTA-ríki þannig að taki til allra héraða sem hafa misst stöðu sína samkvæmt a-lið 3. mgr. 61. gr. og svæða þar sem dreifbýli er mikið,
 - takmarka lækkun á heildaríbúafjölda á byggðapróunarsvæðum EFTA-ríkis (samkvæmt svæðaundanþágunum tveimur í 3. mgr. 61. gr.) við 25% af fyrri íbúafjölda.
11. Að svo miklu leyti sem þessar leiðréttingar sýna að hlutfall heildaríbúafjölda svæða sem njóta aðstoðar í samræmi við undanþáguákvæði 3. mgr. 61. gr. fer yfir samanlagt hámark sem fellur undir undanþáguákvæði 3. mgr. 92. gr. EB-sáttmálans, verða efri mörk í EFTA-ríkjum lækkuð til að ná sama hlutfalli af heildaríbúafjölda og í EB.

**Málsmeðferð og efni reglna á sviði ríkisaðstoðar⁽¹⁾.
Breytingar á kafla 13.4 og tilteknum neðanmálsgreinum.**

- a) 4. neðanmálsgrein í kafla 6.2.3⁽²⁾ verði sem hér segir:
- „ Sjá VII. hluta þessara leiðbeininga."
- b_ 1. neðanmálsgrein í kafla 10.3.1⁽³⁾ verði sem hér segir:
- „ Í ákveðnum undantekningartilvikum er heimilt að veita rekstraraðstoð svæðum sem teljast styrkhæf samkvæmt a- og c-lið 3. mgr. 61. gr. Sjá VI. hluta þessara leiðbeininga."
- c) 1. neðanmálsgrein í kafla 10.3.2.1⁽⁴⁾ verði sem hér segir:
- „ Í samræmi við VI. hluta þessara leiðbeininga."
- d) 2. neðanmálsgrein í kafla 10.3.2.1⁽⁵⁾ verði sem hér segir:
- „ Sjá VI. hluta þessara leiðbeininga."
- e) Kafli 13.4 um sérreglur⁽⁶⁾ verði sem hér segir:
- „1) Reglurnar um uppsöfnun gilda með fyrirvara um reglurnar um svæðaaðstoð og skuldbindingar EFTA-ríkjanna að tilkynna einstök tilvik, samkvæmt gildandi ákvæðum eða ákvæðum sem Eftirlitsstofnun EFTA setur síðar í ákvörðunum um sérstakar áætlanir um svæða- eða atvinnugreinaaðstoð."
- f) 1. neðanmálsgrein í 4. mgr. í kafla 18.4.⁽⁷⁾ verði sem hér segir:
- „ Sjá VI. hluta þessara leiðbeininga."

⁽¹⁾ Reglur sem voru samþykktar og gefnar út af Eftirlitsstofnun EFTA 19. janúar 1994, og birtar í Stjtið. EB L 231, 3.9.1994, bls. 1 og EES-viðbæti við Stjtið. EB nr. 32, 3.9.1994, bls. 1.

⁽²⁾ Breytt 6. desember 1995, sjá Stjtið. EB L 124, 23.5.1996, bls. 41 og EES-viðbæti við Stjtið. EB nr. 23, 23.5.1996, bls. 83.

⁽³⁾ Breytt 11. september 1996, sjá Stjtið. EB L 42, 13.2.1997, bls. 33 og EES-viðbæti við Stjtið. EB nr. 7, 13.2.1997, bls. 1.

⁽⁴⁾ Breytt 11. september 1996, sjá Stjtið. EB L 42, 13.2.1997, bls. 33 og EES-viðbæti við Stjtið. EB nr. 7, 13.2.1997, bls. 1.

⁽⁵⁾ Breytt 11. september 1996, sjá Stjtið. EB L 42, 13.2.1997, bls. 33 og EES-viðbæti við Stjtið. EB nr. 7, 13.2.1997, bls. 1.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 231, 3.9.1994 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 32, 3.9.1994.

⁽⁷⁾ Breytt 6. desember 1995, sjá Stjtið. EB L 124, 1996, bls. 41 og EES-viðbæti við Stjtið. EB nr. 23, 23.5.1996, bls. 83.

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

99/EES/18/02

nr. 317/98/COL
frá 4. nóvember 1998

**um fimmtánda breytingu á „Málsmeðferð og efni reglna á sviði
ríkisaðstoðar”**

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

hefur breytt „Málsmeðferð og efni reglna á sviði ríkisaðstoðar”⁽¹⁾, sem voru samþykktar 19. janúar 1994⁽²⁾ og síðast breytt 4. nóvember 1998⁽³⁾, svo sem hér segir:

1. 21. kafli um aðstoð við textíl- og fataiðnað falli niður.
2. Eftirfarandi reglur um byggðaaðstoð vegna stórra fjárfestingarverkefna bætist við leiðbeiningarnar um ríkisaðstoð sem nýr 26. kafli og sem nýr XIII. viðauki:

⁽¹⁾ Hér á eftir vísað til sem leiðbeininganna um ríkisaðstoð.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 231, 3. 9. 1994, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 32, 3. 9. 1994, bls. 1.

⁽³⁾ Hefur enn ekki verið birt.

26. Rammaákvæði um byggðaaðstoð vegna stórra fjárfestingarverkefna sem taka til margra atvinnugreina⁽⁴⁾

26.1. ÞÖRF FYRIR AÐGERÐIR OG UMFANG ÞEIRRA

- 1) Á undanförunum árum hefur almennt verið viðurkennt að þörf sé á kerfisbundnara eftirliti með byggðaaðstoð til stórra hreyfanlegra fjárfestingarverkefna. Af myndun Evrópska efnahagssvæðisins leiðir að það er mikilvægara en nokkru sinni að hafa strangt eftirlit með ríkisaðstoð til slíkra verkefna, þar sem raskandi áhrif aðstoðar verður þeim mun meiri eftir því sem annarri samkeppnisröskun, sem rekja má til ríkisafskipta, er rutt úr vegi og markaðir verða opnari og sameinaðri.
- 2) Í tengslum við stór verkefni huga fjárfestar oft að öðrum stöðum í mismunandi EES-ríkjum sem getur leitt til sífellt rausnarlegri tilboða um aðstoð. Slík yfirboð á styrkjum fela í sér umtalsverða hættu á samkeppnisröskun. Eftirlitsstofnun EFTA setur því þessi rammaákvæði til að byrja með aðeins til reynslu í þeim tilgangi að takmarka aðstoð til stórra verkefna þannig að komið sé eins og verða má í veg fyrir óæskileg áhrif á samkeppni samtímis því sem styrkt svæði halda áfram að laða að fjárfesta.
- 3) Sérstakar reglur um aðstoð gilda nú þegar um ýmsar viðkvæmar iðngreinar, einkum stáliðnaðinn, skipasmíðar, gervitreffaiðnaðinn, bílaiðnaðinn, flutninga og kolaiðnaðinn. Á reynslutímabilinu munu eingöngu núverandi atvinnugreinaeignir halda áfram að gilda um þessar greinar (að undanskildum textíl- og fataiðnaðinum sem mun falla að fullu undir ákvæði þessara rammaákvæða⁽⁵⁾). Þessi staða verður endurskoðuð eftir að skilvirkni þessara rammaákvæða hefur verið metin. Í öðrum greinum er eina takmörkunin nú á svæðisbundinni fjárfestingaraðstoð sú að upphæð aðstoðar má ekki fara yfir ákveðið hámark sem Eftirlitsstofnun EFTA heimilar fyrir viðkomandi áætlun um byggðaaðstoð. Hámark byggðaaðstoðar miðar þó almennt að því að hvetja til fjárfestingar af því tagi sem mætir hvað mestum erfiðleikum og er venjulega herra en sem nemur hinum svæðisbundnu erfiðleikum að jafnaði. Þessar leiðbeiningar miða að því að takmarka hreina hvatningu til að fjárfesta í stórum verkefnum þannig að komið sé í veg fyrir, svo sem framast er kostur, að verkefnið hafi neikvæð áhrif á tiltekna atvinnugreinar.
- 4) Á grundvelli þessara rammaákvæða mun Eftirlitsstofnun EFTA ákveða í hverju tilviki fyrir sig leyfilegan hámarksstyrkleika aðstoðar vegna verkefna sem ber að tilkynna. Þetta kann að leiða til styrkleika aðstoðar sem er undir hámarkinu sem gildir fyrir svæðið. Þessi rammaákvæði gilda ekki um endurskipulagningaraðstoð sem heldur áfram að falla undir leiðbeiningar Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð til að bjarga og endurskipuleggja fyrirtæki sem eiga í erfiðleikum⁽⁶⁾. Á sama hátt hafa þessi rammaákvæði ekki áhrif á núverandi almenn rammaákvæði, þar með talin rammaákvæði Eftirlitsstofnunar EFTA um aðstoð við rannsóknar- og þróunarverkefni⁽⁷⁾ og leiðbeiningar Eftirlitsstofnunar EFTA um aðstoð við umhverfisvernd⁽⁸⁾.
- 5) Eftirlitsstofnun EFTA leggur áherslu á að hún ætli ekki að hlutast til um sjálfstæða stefnu EFTA-ríkja í byggðamálum að nauðsynjalausu. Né heldur mun hún leitast við að draga úr beitingu ákvæða a- og c-liðar 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins sem miðar að því að hvetja fyrirtæki til að fjárfesta á svæðum sem eru illa sett, þrátt fyrir þá kerfislægu annmarka sem þau þurfa að fást við þar. Þvert á

⁽⁴⁾ Þessi kafli samsvarar orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um rammaákvæði um byggðaaðstoð vegna stórra fjárfestingarverkefna sem taka til margra atvinnugreina (Stjtið. EB C 107, 7.4.1998, bls. 7).

⁽⁵⁾ Þessi rammaákvæði koma því í stað 21. kafla um aðstoð við textíl- og fataiðnað í leiðbeiningunum sem teknar voru upp og gefnar út af Eftirlitsstofnun EFTA 19. janúar 1994 (Stjtið. EB L 231, 3.9.1994 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 32, 3.9.1994).

⁽⁶⁾ Sjá 16. kafla þessara leiðbeininga.

⁽⁷⁾ Sjá 14. kafla þessara leiðbeininga.

⁽⁸⁾ Sjá 15. kafla þessara leiðbeininga.

móti er ætlunin að takmarka gildissvið nýju reglnanna eingöngu við mjög stór verkefni, oft fjármagnsfrek, sem gætu haft alvarleg áhrif á keppinauta annars staðar á EES sem ekki njóta stuðnings, sem og að rannsaka nánar fyrirhugaða aðstoð við verkefni sem hvorki beint né óbeint hafa veruleg áhrif á atvinnu á viðkomandi svæði, sem er mikilvægt markmið í byggðastefnu. EFTA-ríkjunum verður áfram í sjálfsvald sett að ákveða styrkleika aðstoðar í flestum tilvikum, innan ramma viðurkenndra áætlana um byggðaaðstoð.

- 6) Við samningu þessara rammaákvæða hefur Eftirlitsstofnun EFTA leitast við eftir megni að setja skýrar, ótvíræðar, fyrirsjáanlegar og skilvirkar reglur sem skapa réttaröryggi og halda stjórnsýsluálagi í lágmarki.

26. 2. TILKYNNINGARSKYLDA

- 1) Samkvæmt þessum rammaákvæðum er EFTA-ríkjunum skylt, samkvæmt 3. mgr. 1. gr. í bókun 3 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (hér á eftir kallaður samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól) að tilkynna allar tillögur um að veita svæðisbundna fjárfestingaraðstoð⁽⁹⁾ innan ramma viðurkenndrar áætlunar⁽¹⁰⁾, að uppfylltu öðru tveggja eftirfarandi skilyrða:
 - i) Heildarkostnaður verkefnisins er að minnsta kosti 50 milljónir ECU⁽¹¹⁾, og uppsafnaður styrkleiki aðstoðar sem hlutfall af styrkhæfum fjárfestingarkostnaði er að minnsta kosti 50% af svæðisbundinni hámarksaðstoð fyrir stór fyrirtæki á viðkomandi svæði og nemur að minnsta kosti 40 000 ECU⁽¹²⁾ fyrir hvert skapað eða varðveitt starf; eða
 - ii) heildaraðstoð er að minnsta kosti 50 milljónir ECU.

Tilkynningareyðublað

- 2) Staðlað tilkynningareyðublað er að finna í XIII. viðauka við þessar leiðbeiningar. Þetta eyðublað sendist beint til Eftirlitsstofnunar EFTA.

26. 3. MATSREGLUR

- 1) Eftirlitsstofnun EFTA metur í samræmi við reikniformúluna sem sýnd er í 10. mgr. leyfilegan hámarksstyrkleika aðstoðar fyrir tillögu um að veita aðstoð. Hún mun byrja á því að greina hámarksstyrkleika aðstoðar (hámark byggðaaðstoðar) sem stórt fyrirtæki getur fengið á viðkomandi styrkhæfu svæði innan ramma heimilaðrar áætlunar um byggðaaðstoð sem er í gildi þegar tilkynnt er (nema um sé að ræða sérstaka (ad hoc) aðstoð en í því tilviki gildir aðstoðarhámarkið sem sett er fyrir viðkomandi svæði). Ýmis konar aðlögunarþáttur verður síðan beitt á þá hlutfallstölu í samræmi við þrjá tiltekna matsþætti (sjá hér á eftir), til að reikna út leyfilegan hámarksstyrkleika aðstoðar vegna viðkomandi verkefnis. Ef um er að ræða þriðja viðmiðið, vísbendir um svæðisbundin áhrif, er heimilt að nota uppjöfnunarþátt eða bónus, allt eftir því hversu mikinn ávinning viðkomandi svæði kann að hafa af verkefninu. EFTA-ríkin meta sjálf hversu raunhæf einstök verkefni eru. Eftirlitsstofnun EFTA getur þó, telji hún það nauðsynlegt, farið fram á upplýsingar um hvort verkefnið sé raunhæft. Að lokum mun Eftirlitsstofnun EFTA nota, þar sem við á, óháð utanaðkomandi gögn til að meta hugsanleg áhrif á samkeppni á viðkomandi markaði. Ef það er erfiðleikum bundið að fá slíkar upplýsingar mun Eftirlitsstofnun EFTA þó eingöngu reiða sig á upplýsingar frá EFTA-ríkjunum.

⁽⁹⁾ Svæðisbundin fjárfestingaraðstoð sem aðeins er veitt til að skapa störf eins og lýst er í leiðbeiningum Eftirlitsstofnunar EFTA um svæðaaðstoð fellur ekki undir þessi rammaákvæði.

⁽¹⁰⁾ Tilkynningaskyldan gildir auðvitað einnig um tillögur um að veita sérstaka (ad hoc) aðstoð.

⁽¹¹⁾ 15 milljónir ECU ef um er að ræða verkefni á sviði textíl- og fataiðnaðar.

⁽¹²⁾ 30 000 ECU ef um er að ræða verkefni á sviði textíl- og fataiðnaðar.

Þrjú matsviðmið

i) Samkeppnisþáttur

- 2) Mikil hætta er á að aðstoð við fyrirtæki í greinum þar sem kerfislæg umframafkastageta ríkir raski samkeppni. Sérhver aukning á afkastagetu sem ekki er mætt með því að draga úr afkastagetu annarsstaðar eykur erfiðleika samfara kerfislægri umframafkastagetu. Ef aðstoð er veitt til slíkrar aukningar getur það leitt til þess að styrkþeginn sitji uppi með umframafkastagetu sem hann getur ekki nýtt síðar eða hann hefur verðstríð til að hrekja aðra framleiðendur af viðkomandi markaði. Einnig kann slík aðstoð að stofna störfum annars staðar í hættu. Þannig felur samkeppnisþátturinn í sér greiningu á því hvort fyrirhuguðu verkefni yrði hrundið í framkvæmd í atvinnugrein eða undirgrein sem þjökkuð er af kerfislægri umframafkastagetu.
- 3) Við mat á því hvort kerfislæg umframafkastageta ríkir í viðkomandi atvinnugrein eða undirgrein mun Eftirlitsstofnun EFTA rannsaka mismuninn innan EES á meðalafkastanýtingu í framleiðsluðnaði í heild og afkastanýtingu í viðkomandi atvinnugrein eða undirgrein. Svo hægt sé að taka mið af sveiflum í breytilegri afkastanýtingu mun viðmiðunartímabilið taka til síðustu fimm ára sem upplýsingar eru tiltækar fyrir.
- 4) Ef nægilegar upplýsingar um afkastanýtingu liggja ekki fyrir mun Eftirlitsstofnun EFTA rannsaka hvort fjárfestingin á sér stað á markaði sem er að dragast saman. Í því skyni mun Eftirlitsstofnun EFTA bera þróun á sýnilegri neyslu á viðkomandi vöru eða vörum (þ.e. framleiðsla að viðbættum innflutningi að frádregnum útflutningi) saman við vöxtinn í framleiðsluðnaði í heild á EES.
- 5) Þegar metið er hvort fjárfestingin leiði til aukinnar afkastagetu, telst viðkomandi afkastageta samanlögð arðbær afkastageta væntanlegs styrkþega (og/eða, ef við á, samstæðunnar sem hann tilheyrir) fyrir viðkomandi vöru. Í öllum tilvikum tekur arðbær afkastageta til tímabundinnar vannýttar afkastagetu (þ.e. afkastageta sem hægt er að virkja aftur ef sala eykst) en ekki til úreltrar og óvirkar afkastagetu (þ.e. vannýtt afkastageta sem ekki er hægt að endurnýta nema til komi veruleg viðbótarfjárfesting).
- 6) Ef fyrirtæki ræður þegar yfir stórum hluta markaðarins fyrir viðkomandi vöru eða vörur, sem í skilningi þessara rammaákvæða telst vera að minnsta kosti 40%, áður en það sækir um aðstoð, er hætta á að samkeppni raskist óeðlilega ef það fær þá hámarksaðstoð sem alla jafna er heimiluð á viðkomandi svæði. Við slíkar aðstæður ætti fyrirtækið að meginreglu til að fá minni aðstoð en ella, jafnvel þó fjárfesting þess efli byggðáþróun. Þó er unnt að veita undanþágu frá þessari almennu reglu, til dæmis ef fyrirtækið skapar með raunverulegri nýjung nýjan vörumarkað.

ii) Fjármagns-/atvinnuþáttur

- 7) Þar sem byggðaaðstoð er alla jafna veitt í formi fjármagnsstyrkja er eðlileg tilhneiging að fjármagnsfrek verkefni séu á svæðum sem njóta aðstoðar. Þetta er vissulega jákvæð þróun en stuðlar ekki endilega að því að skapa mörg ný störf og draga úr atvinnuleysi. Eingöngu mjög fjármagnsfrek verkefni falla undir þennan þátt. Hugmyndin um störf sem eru varðveitt á því aðeins við að sannað sé að þau tengist beint viðkomandi fjárfestingarverkefni og að því sé um að ræða fjárfestingaraðstoð en ekki aðstoð vegna atvinnumála.
- 8) Þessi þáttur tekur einnig mið af hugsanlegum röskunaráhrifum af aðstoð á verð fullunninnar vöru. Hvað varðar fyrirtæki með hlutfallslega stóran fjármagnshlut í samanlögðum heildarkostnaði, leiðir aðstoðin til verulegrar lækkunar á einingarkostnaði, og fá þau þannig umtalsvert samkeppnisforskot á keppinauta sem ekki njóta aðstoðar. Því fjárfrekara sem styrkta fjárfestingarverkefnið er þeim mun meiri líkur eru á raskandi áhrifum fjármagnsstyrks á samkeppni.

iii) Svæðisbundinn áhrifaþáttur

- 9) Á meðan samkeppnis- og fjármagns/atvinnuþættirnir varða hugsanlega röskun sem verkefnið hefur á samkeppni tekur svæðisbundni áhrifaþátturinn til greina jákvæð áhrif á efnahagslíf á svæðunum sem njóta aðstoðar. Eftirlitsstofnun EFTA telur að nota megi atvinnusköpun sem vísbendingu um framlag verkefnisins til byggðaðróunar. Þrátt fyrir að fjárfrekar fjárfestingar skapi eingöngu takmarkaðan fjölda starfa beint, kunna þær þó að skapa þónokkur störf óbeint á viðkomandi styrktu svæði og nærliggjandi styrktum svæðum. Atvinnusköpun í þessu samhengi vísar til starfa sem sköpuð eru beint í tengslum við verkefnið sem og til starfa sem skapast óbeint hjá milliliðalausum birgjum og viðskiptavinum í kjölfar styrktu fjárfestingarinnar. Þegar Eftirlitsstofnun EFTA beitir þessum þætti í reikniformúlunni til að ákvarða leyfilegan aðstoðarstyrkleika mun hún leggja meiri áherslu á óbeina atvinnusköpun hjá styrkþegum sem hafa aðsetur á svæðum sem um getur í a-lið 3. mgr. 61. gr. en í c-lið 3. mgr. 61. gr., þar sem efnahagslegir erfiðleikar eru alvarlegri á þeim fyrrnefndu.

Reikniformúla

- 10) Endanleg reikniformúla felst í því að margfalda hámark byggðaaðstoðar með stuðlinum fyrir fyrrnefnda þrjá þætti, sem eru sýndir með eftirfarandi táknum:

R	=	leyfilegur hámarksstyrkleiki aðstoðar fyrir stór fyrirtæki á viðkomandi svæðum sem njóta aðstoðar (hámark byggðaaðstoðar)
T	=	samkeppnisþáttur
I	=	fjármagns/atvinnuþáttur
M	=	svæðisbundinn áhrifaþáttur

Formúlan fyrir leyfilegan hámarksstyrkleika aðstoðarinnar er því: $R \times T \times I \times M$.

Eftirfarandi aðlögunarþættir gilda um hvert þessara þriggja matsviðmiða:

1. Samkeppnisþáttur

- Verkefni sem hefur í för með sér aukna afkastagetu í atvinnugrein þar sem alvarleg kerfislæg umframafkastageta ríkir og/eða algjör samdráttur í eftirspurn: 0,25
- Verkefni sem hefur í för með sér aukna afkastagetu í atvinnugrein þar sem kerfislæg umframafkastageta ríkir og/eða samdráttur á markaðinum og sem kann að efla mikla markaðshlutdeild: 0,50
- Verkefni sem hefur í för með sér aukna afkastagetu í atvinnugrein þar sem kerfislæg umframafkastageta ríkir og/eða samdráttur á markaðinum: 0,75
- Engin líkleg neikvæð áhrif í skilningi i. til iii. liðar: 1,00

2. Fjármagns/atvinnuþáttur

Nýtt fjármagn/störf ⁽¹⁾ (þúsund ECU)	Þáttur
< 200	1,0
200 til 400	0,9
401 til 700	0,8
701 til 1 000	0,7
> 1 000	0,6

⁽¹⁾ = heildarfjárhæð fyrirhugaðs fjármagns deilt með fjölda starfa sem eru sköpuð eða varðveitt.

3. Svæðisbundinn áhrifaþáttur

	Svæði sem falla undir a-lið 3. mgr. 61. gr.	Svæði sem falla undir a-lið 3. mgr. 61. gr.
i) Mikil óbein atvinnusköpun ⁽¹⁾ fyrir hvert starf sem styrkþegi skapar (yfir 100%)	1,5	1,2
ii) Óbein atvinnusköpun í meðallagi fyrir hvert starf sem styrkþegi skapar (milli 50% og 100%)	1,25	1,1
iii) Lítil óbein atvinnusköpun fyrir hvert starf sem styrkþegi skapar (undir 50%)	1,0	1,0

⁽¹⁾ = Þ.e. störf sem eru sköpuð af milliliðalausum birgjum og viðskiptavinum á svæðinu sem nýtur aðstoðar þar sem fyrirtæki hefur aðsetur eða á hvaða nærliggjandi svæði sem er (þ.e. svæði sem falla undir a- eða c-lið 3. mgr. 61. gr.).

ATH: Að sjálfsögðu getur ekkert verkefni fengið hærri aðstoð en sem nemur svæðisbundna hámarkinu.

26.4. GILDISTÖKUDAGUR OG GILDISTÍMI

- Þessi rammaákvæði gilda frá 1. janúar 1999 í þrjú ár sem teljast upphaflegt reynslutímabil. Áður en reynslutímabilinu lýkur mun Eftirlitsstofnun EFTA endurskoða gagnsemi og gildissvið þeirra og þá m.a. meta hvort þau skuli endurnýjuð, endurskoðuð eða felld niður.

26.5. MÁLSMEÐFERÐ EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

- Að meginreglu til miðar Eftirlitsstofnun EFTA að því að taka ákvörðun um annaðhvort að heimila aðstoð eða hefja formlega málsmeðferð sem kveðið er á um í 2. mgr. 1. gr. í bókun 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól innan tveggja mánaða frá því henni barst fullgerð tilkynning, sem á að vera samkvæmt staðlaða eyðublaðinu sem sýnt er í XIII. viðauka. (Ef tilkynningin er ófullnægjandi mun Eftirlitsstofnun EFTA senda EFTA-ríkinu beiðni um viðbótarupplýsingar innan tíu virkra daga). Eingöngu er heimilt að framlengja tveggja mánaða frestinn með samþykki viðkomandi EFTA-ríkis.
- Ef Eftirlitsstofnun EFTA hefur formlega málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 1. gr. í bókun 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól mun hún taka endanlega ákvörðun innan fjögurra mánaða frá því ákveðið var að hefja formlega málsmeðferð. Eftirlitsstofnun EFTA mun taka til greina allar upplýsingar sem hægt er að afla á því tímabili, þar með talið upplýsingar frá þriðju hagsmunaaðilum og hvers konar viðbótarupplýsingar sem ekki voru teknar til greina við upphafsrannsókn. Rannsókn á hverju máli tekur því alla jafna ekki lengri tíma en sex mánuði.

26.6. FRAMVINDUEFTIRLIT

- Vegna þess hve stórar hreyfanlegar fjárfestingar eru í eðli sínu viðkvæmar er nauðsynlegt að fyrir hendi sé fyrirkomulag til að tryggja að upphæð aðstoðar sem styrkþegi fær sé í samræmi við ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA.

- 2) SFyrir hvert styrkt verkefni sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkir á grundvelli þessara rammaákvæða mun stofnunin krefjast þess að annaðhvort verði í sérhverjum samningi um aðstoð milli viðeigandi yfirvalds í EFTA-ríki og styrkþega kveðið á um endurgreiðslu, verði ekki farið að samningnum, eða að síðasta stóra greiðsla aðstoðarinnar (t.d. 25%) verði ekki greidd fyrir en styrkþegi hefur sýnt EFTA-ríkinu fram á að framkvæmd verkefnisins sé í samræmi við ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA, og að því tilskildu að Eftirlitsstofnun EFTA hafi, á grundvelli upplýsinga sem viðkomandi EFTA-ríki leggur fram um framkvæmd verkefnisins, innan 60 virkra daga, veitt samþykki sitt eða ekki hreyft andmælum við lokagreiðslu aðstoðarinnar.
- 3) Eintök af öllum samningum um aðstoð milli EFTA-ríkis og styrkþega skulu send Eftirlitsstofnun EFTA án tafar eftir að samningsaðilar hafa undirritað þá.
- 4) Til að tryggja að farið sé að ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA mun EFTA-ríki í samvinnu við styrkþega láta Eftirlitsstofnun EFTA í té ársskýrslu um verkefnið, ásamt upplýsingum um styrki sem þegar hafa verið greiddir, allar bráðabirgðaskýrslur um framkvæmd samningsins um aðstoð og lokaskýrslu þar sem gerð er grein fyrir markmiðum, tímaáætlunum, fjárfestingum og því hvort öllum sérskilmálum yfirvaldsins sem veitir aðstoðina sé fullnægt.

26.7. SKILGREININGAR

- 1) Í þessum rammaákvæðum gilda eftirfarandi skilgreiningar:

Fjárfestingarverkefni

- 2) „Fjárfestingarverkefni“ merkir stofnfjárfestingu í fastafjármunum við að stofna nýtt fyrirtæki, stækka fyrirliggjandi fyrirtæki eða hefja starfsemi sem hefur í för með sér grundvallarbreytingu á vöru eða framleiðsluaðferð fyrirliggjandi fyrirtækis (með hagræðingu, fjölþættingu eða endurbótum). Fjárfestingin getur einnig verið í formi yfirtöku á fyrirtæki sem hefur verið lokað eða hefði verið lokað ef yfirtakan hefði ekki átt sér stað, en hún tekur ekki til kaupa á eignum fyrirtækis í fjárhagserfiðleikum (í því tilviki gilda leiðbeiningarnar um ríkisaðstoð til að bjarga og endurskipuleggja fyrirtæki sem eiga í erfiðleikum).
- 3) Fjárfestingarverkefni má ekki skipta á óeðlilegan hátt í undirverkefni til að komast hjá tilkynningarskyldunni.

Heildarkostnaður við verkefni

- 3) „Heildarkostnaður við verkefni“ merkir heildarkostnað vegna efnislegra eða óefnislegra nýrra eigna sem fyrirtæki kaupir til að hrinda í framkvæmd fjárfestingarverkefni og verða afskrifaðar (eða leigðar) á meðan viðkomandi eignir endast.

Styrkhæfur kostnaður

- 4) „Styrkhæfur kostnaður“ merkir kostnað vegna efnislegra eða óefnislegra eigna sem heimilaður er samkvæmt leiðbeiningum um byggðaaðstoð.

Störf

- 5) „Störf“ merkja föst heilsdagsstörf eða jafngild hlutastörf. Það getur verið nýtt starf eða varðveisla fyrirliggjandi starfs, að svo miklu leyti sem það síðara tengist beint fjárfestingarverkefninu, útheimtir verulega endurþjálfun og yrði lagt niður við upphaf nýju framleiðslunnar ef fjárfestingin hefði ekki átt sér stað.

Viðkomandi markaður

- 6) Þegar markaðshlutdeild er metin telst viðkomandi vörumarkaður ná yfir vörur sem fjárfestingarverkefnið miðar að, og ef við á, vörur sem neytendur líta á sem staðgengdarvörur (með hliðsjón af eiginleikum varanna, verði þeirra og fyrirhugaðri notkun) eða sem framleiðendur líta á sem staðgengdarvörur (með hliðsjón af sveigjanleika framleiðslubúnaðar)⁽¹³⁾. Viðkomandi landfræðilegur markaður samsvarar alla jafna EES eða umtalsverðum hluta svæðisins ef hægt er að greina samkeppnisskilyrði á því svæði nægilega frá öðrum svæðum á EES. Ef við á kann viðeigandi markaður að teljast vera heimsmarkaður.

Kerfislæg umframafkastageta

- 7) Kerfislæg umframafkastageta telst vera fyrir hendi þegar framleiðslunýting í viðkomandi atvinnugrein eða undirgrein⁽¹⁴⁾ hefur á síðastliðnum fimm árum verið að meðaltali meira en tveimur prósentustigum undir framleiðsluiðnaði í heild. Alvarleg kerfislæg umframafkastageta telst vera þegar munurinn miðað við meðaltalið í framleiðsluiðnaði er meira en fimm prósentustig.

Markaður í samdrætti

- 8) Markaðurinn fyrir viðkomandi vörur telst vera í samdrætti ef meðalársvöxtur sýnilegrar neyslu á viðkomandi vörum á næstliðnum fimm árum er umtalsvert (meira en 10%) undir ársmeðaltali framleiðsluiðnaðarins á EES í heild, nema hlutfallsleg aukning í eftirspurn sýni sterka tilhneigingu upp á við. Markaður sem er í algjörum samdrætti er markaður þar sem ársmeðaltal sýnilegrar neyslu næstliðin fimm ár er neikvæð.

⁽¹³⁾ Ef fjárfestingin varðar framleiðslu á hálfunnum vörum, kann viðeigandi markaður að vera markaðurinn fyrir lokaafurðina ef mestur hluti framleiðslunnar er ekki seldur á frjálsum markaði.

⁽¹⁴⁾ Atvinnugreinin eða undiratvinnugreinin miðast við lægsta geira atvinnugreinaflokkanarinnar.

XIII. VIÐAUKI

**STAÐLAÐ TILKYNNINGAREYÐUBLAÐ SAMKVÆMT RAMMAÁKVÆÐUM UM
BYGGÐAÐSTOÐ VEGNA STÓRRA FJÁRFESTINGARVERKEFNA SEM TAKA TIL
MARGAATVINNUGREINA****Inngangur**

Á þessu eyðublaði eru þær upplýsingar tilgreindar sem EFTA-ríki ber að veita þegar það tilkynnir Eftirlitsstofnun EFTA um fjárfestingarverkefni á styrkhæfu svæði sem skylt er að tilkynna samkvæmt rammaákvæðum um byggðaðstöð vegna stórra fjárfestingarverkefna sem taka til margra atvinnugreina.

EFTA-ríkin skulu hafa hugfast að:

- þeim ber að veita allar upplýsingar sem beðið er um á þessu eyðublaði. Ef aðilar sem að tilkynningunni standa geta hins vegar ekki svarað einhverri spurningu eða geta eingöngu svarað í takmörkuðum mæli á grundvelli tiltækra upplýsinga skulu þeir geta þess og tilgreina ástæður,
- hafi þau ekki veitt allar upplýsingar sem beðið er um á eyðublaðinu eða tilgreint viðunandi ástæður um hvers vegna þau hafi ekki getað veitt fullnægjandi svör, er tilkynningin ófullnægjandi og muni ekki taka gildi fyrir en allar upplýsingar hafa borist,
- Eftirlitsstofnun EFTA getur beðið viðkomandi EFTA-ríki og styrkþega um viðbótarupplýsingar og/eða útskýringar á upplýsingum sem veittar eru á þessu eyðublaði til að auðvelda upphafsmat, sem skal liggja fyrir innan tíu virkra daga og sem kann að vera tekið til meðferðar á faglegum fundum Eftirlitsstofnunar EFTA og þar til bærs yfirvalds.

Fylgiskjöl

- Afrit af drögum að samningi um aðstöð eða, ef það er ekki tiltækt, afrit af bréfi um tillögu um fyrirhugaða aðstöð. Ef drög að samningi um aðstöð eru ekki tiltæk þegar tilkynnt er um aðstöð, ber að leggja þau fram eins fljótt og auðið er og eigi síðar en þau eru send styrkþega.
- Afrit af síðustu ársskýrslum og reikningum styrkþega, og ef styrkþegi er hluti af stærri samstæðu, nýjustu ársskýrslum og reikningum samstæðunnar.
- Skrá og stutt lýsing á efni allra annarra úttekta, skýrslna, greinagerða og rannsókna sem gerðar eru af eða fyrir styrkþega í þeim tilgangi að meta eða greina fyrirhugaða fjárfestingu sem fær aðstöð, með tilliti til samkeppnisaðstæðna, keppinauta (raunverulegra og hugsanlegra) og markaðsskilyrða. Fyrir hvern lið í skránni verður að tilgreina nafn og stöðu höfundar.

Skil tilkynninga

Tilkynningar skulu vera á opinberu tungumáli Eftirlitsstofnunar EFTA (ensku) eða opinberu tungumáli EFTA-ríkis.

Fylgiskjöl má leggja fram á frummálinu eða í enskri þýðingu.

Fjárhagslegar upplýsingar sem beðið er um skulu veittar í gjaldmiðli viðkomandi lands eða evrum og gerð skal grein fyrir genginu sem er notað.

Tilkynningar skulu sendar til:

EFTA Surveillance Authority
74 rue de Trèves
B-1040 Brussels

eða afhentar á opnunartíma á sama stað.

Viðskiptaleynd

Viðkomandi EFTA-ríki og/eða styrkþega ber að hafa hugfast að heimilt er að nota allar umbeðnar upplýsingar sem uppiðdu í ákvörðun um málið. Aðilar sem að tilkynningunni standa verða því að merkja upplýsingarnar í tilkynningunni, sem þeir vilja ekki að verði birtar eða miðlað á annan hátt, með yfirskriftinni „viðskiptaleynd“. Þeir skulu jafnframt færa rök fyrir því hvers vegna þeir vilja ekki miðla þessum upplýsingum eða birta þær. Sé þörf á viðkvæmum upplýsingum til að undirbúa ákvörðun mun Eftirlitsstofnun EFTA fyrst hafa samráð við EFTA-ríkið og/eða styrkþega um birtingu þeirra hluta ákvörðunarinnar sem hafa að geyma viðkvæmar upplýsingar.

Framvinduettirlit

Eftirlitsstofnun EFTA viðurkennir að ekki er hægt að veita nákvæmar upplýsingar fyrirfram um alla þætti sem beðið er um á tilkynningareyðublaðinu. Viðkomandi EFTA-ríki og/eða styrkþegi er beðinn um að gefa sem nákvæmast mat og rökstyðja upplýsingar sem veita á. Framvinduettirlit verður haft með styrkta fjárfestingarverkefninu sem gerir Eftirlitsstofnun EFTA kleift að ganga úr skugga um áreiðanleika upplýsinganna sem fram koma í tilkynningunni.

1. ÞÁTTUR

EFTA-RÍKI

1. *Upplýsingar um opinbert yfirvald sem stendur að tilkynningunni*
 - 1.1. Heiti og heimilisfang opinbers yfirvalds sem stendur að tilkynningunni
 - 1.2. Heiti, símanúmer, bréfasími, netfang og staða þess sem hægt er að hafa samband við ef þörf er á frekari fyrirspurnum.
2. *Upplýsingar um milligöngumann í fastanefnd EFTA-ríkis*
 - 2.1. Heiti, símanúmer, bréfasími, netfang og staða þess sem hægt er að hafa samband við ef þörf er á frekari fyrirspurnum.

2. ÞÁTTUR

STYRKÞEGI

- 2.1. *Uppbygging fyrirtækis eða fyrirtækja sem fjárfesta í verkefninu*
 - 2.1.1. Nafn styrkþega
 - 2.1.2. Ef styrkþegi er annar lögaðili en fyrirtækið eða fyrirtækin sem fjármagna fjárfestinguna eða þiggja aðstoð skal gera grein fyrir tengslunum á milli þeirra
 - 2.1.3. Tilgreina skal fyrirtækjasamstæðuna sem styrkþegi tilheyrir, lýsa uppbyggingu samstæðunnar og eignarfyrirkomulagi hvers móðurfyrirtækis.

2.2. *Fyrir fyrirtæki sem fjárfesta í verkefninu skal veita eftirfarandi upplýsingar fyrir að minnsta kosti þrjú næstliðin fjárhagsár:*

2.2.1. Velta á heimsgrundvelli, velta innan EES og í viðkomandi EFTA-ríki

2.2.2. Hagnaður eftir skatt og sjóðstreymi (á samstæðugrundvelli)

2.2.3. Fjöldi starfsmanna um allan heim, innan EES og í viðkomandi EFTA-ríki

2.2.4. Sundurliðun sölu eftir mörkuðum í viðkomandi EFTA-ríki, annars staðar á EES og utan þess.

2.3. *Ef fjárfestingin er á fyrirliggjandi iðnaðarsvæði skal veita eftirfarandi upplýsingar fyrir að minnsta kosti þrjú næstliðin fjárhagsár þeirrar starfsstöðvar:*

2.3.1. Heildarvelta

2.3.2. Hagnaður eftir skatt og sjóðstreymi

2.3.3. Fjöldi starfsmanna

2.3.4. Sundurliðun sölu eftir mörkuðum í viðkomandi EFTA-ríki, annars staðar á EES og utan þess.

3. ÞÁTTUR

OPINBER AÐSTOÐ

Fyrir hverja fyrirhugaða opinbera aðstoð ber að tilgreina:

3.1. *Einstök atriði*

3.1.1. Heiti aðstoðaráætlunarinnar (eða tilgreina ef um er að ræða sérstaka (ad-hoc) aðstoð)

3.1.2. Lagastoð (lög, reglugerð, o.s.frv.)

3.1.3. Opinbera stofnun sem veitir aðstoðina

3.1.4. Ef lagastoðin er aðstoðaráætlun sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur samþykkt skal gefa upp dagsetninguna þegar hún var samþykkt og tilvísunarnúmer ríkisaðstoðarinnar.

3.2. *Form fyrirhugaðrar aðstoðar*

3.2.1. Er fyrirhuguð aðstoð beinn styrkur, vaxtastyrkur, lækkun almannatryggingagjalda, skattaeftirgjöf, hlutafjárframlag, skuldbreyting eða afskriftir skulda, mjúk lán, frestun á greiðslu skatta, fjárhæð sem fellur undir ríkisábyrgðir, o.s.frv.

3.2.2. Tilgreina skal skilyrði fyrir greiðslu á fyrirhugaðri aðstoð.

3.3. *Upphæð fyrirhugaðrar aðstoðar*

3.3.1. Nafnvirði styrksins og heildarstyrksígildi sem og hreint styrksígildi

3.3.2. Er stuðningsaðgerðin skattskyld til tekjuskatts (eða annarra beinna skatta)? Ef hún er það aðeins að hluta til, þá í hve ríkum mæli?

3.3.3. Gefa skal upp nákvæma áætlun um greiðslu á fyrirhugaðri aðstoð.

Fyrir fyrirhugaða opinbera aðstoð í heild ber að tilgreina:

3.4. *Einkenni aðstoðarráðstafananna*

3.4.1. Hafa einhverjar aðstoðarráðstafanir í heildarpakkanum ekki enn verið skilgreindar? Ef svo er hverjar?

3.4.2. Tilgreina skal hverjar af fyrrnefndum aðgerðum teljast ekki vera ríkisaðstoð og færa rök fyrir því.

3.5. *Uppsafnaðar opinberar aðstoðarráðstafanir*

3.5.1. Áætlað heildarstyrksígildi (fyrir skatt) heildaraðstoðarráðstafana

3.5.2. Áætlað hreint styrksígildi (eftir skatt) heildaraðstoðarráðstafana.

4. *PÁTTUR*

STYRKET VERKEFNI

(Upplýsingarnar í þessum þætti eru m.a. notaðar til að reikna út fjármagns/atvinnuþáttinn)

4.1. *Staðsetning verkefnisins*

4.1.1. Tilgreina skal svæðið, sveitar- og bæjarfélagið sem og heimilisfang.

4.2. *Tímalengd verkefnisins*

4.2.1. Tilgreina skal hvenær fjárfestingarverkefnið hefst og hvenær því lýkur

4.2.2. Tilgreina skal hvenær ný framleiðsla hefst og hvaða ár meggi búast við fullum afköstum.

4.3. *Lýsing á verkefninu*

4.3.1. Tilgreina skal gerð verkefnisins og hvort um sé að ræða nýja starfsstöð, aukningu á afkastagetu eða annað

4.3.2. Gefa skal stutta almenna lýsingu á verkefninu.

4.4. *Sundurliðun á kostnaði vegna verkefnisins*

4.4.1. Tilgreina skal heildarkostnað vegna fjárfestingarverkefnisins og afskriftir á meðan verkefnið varir

4.4.2. Sundurliða skal nákvæmlega fjármagnskostnað og annan kostnað⁽¹⁾ sem tengist fjárfestingarverkefninu með því að fylla út eftirfarandi töflu:

⁽¹⁾ Fjárfestingarkostnaður sem ekki er hægt að afskrifa á meðan fjárfestingarverkefnið varir.

	Heildarkostnaður				Styrkhæfur kostnaður			
Fjármunir	1. ár	2. ár	3. ár	o.s.frv.	1. ár	2. ár	3. ár	o.s.frv.
land								
byggingar								
búnaður, vélar								
áhöld								
óefnislegar eignir ⁽¹⁾								
annað (tilgreina nákvæmlega)								

Önnur útgjöld

viðbótarrekstrarfé								
rannsókn- og þróunar-starfsemi								
kostnaður við gangsetningu								
annað (tilgreina nákvæmlega)								
Samtals								

(¹) Fyrir stór fyrirtæki er heimilt að fella ákveðnar tegundir af óefnislegum fjárfestingum undir styrkhæfan fjárfestingarkostnað, sem mega þó ekki vera meira en 25% af styrkhæfum heildarfjárfestingarkostnaði (sbr. 10. – 12. mgr. í kafla 25.4 í leiðbeiningunum um byggðaaðstoð).

4.5. Fjármögnun heildarkostnaðar vegna verkefnis

4.5.1. Veita skal upplýsingar um heildarkostnað vegna fjárfestingarverkefnis með því að fylla út eftirfarandi töflu:

	Fjárhæð			
	1. ár	2. ár	3. ár	o.s.frv.
Eigið fjármagn				
Hlutfjárframlag				
Lán frá einkastofnunum				
Lán frá opinberum stofnunum				
Opinber aðstoð (innlend og önnur)				
Annað (tilgreina nákvæmlega)				
Samtals				

4.6. Atvinnusköpun

4.6.1. Skapar verkefnið ný störf til frambúðar (jafngildi heilsdagsstarfa). Ef svo er skal tilgreina hve

mörg störf verða sköpuð og á hve löngum tíma og jafnframt lýsa störfunum sem verða sköpuð.

4.7. *Verndun fyrirleggjandi starfa*

- 4.7.1. Varðveitir verkefnið föst störf sem fyrir eru. Ef svo er skal tilgreina hve mörg störf verða varðveitt og í hve langan tíma og jafnframt lýsa störfunum sem verða varðveitt.
- 4.7.2. Lýsa skal nákvæmlega nauðsynlegri endurþjálfun til að varðveita þessi störf og tilgreina meðalfjölda klukkustunda og kostnað (að frátöldum launum lærlinga).
- 7.4.3. Útskýra skal hvers vegna þessi störf væru í yfirvofandi hættu ef verkefninu yrði ekki hrundið í framkvæmd.

5. *ÞÁTTUR*

MAT Á AFKASTAGETU OG MÖRKUÐUM SEM VERÐA FYRIR ÁHRIFUM

(Upplýsingarnar sem ber að veita í þessum þætti eru notaðar til að reikna út samkeppnisþáttinn. Skilgreiningu á viðkomandi markaði/mörkuðum sem og skilgreining á viðvarandi umframafkastagetu og markaði/mörkuðum í samdrætti er að finna í viðbæti)

5.1. *Lýsing á vörunni eða vörunum sem verkefnið tekur til*

- 5.1.1. Tilgreina skal vöruna eða vörurnar sem verða framleiddar eftir að fjárfestingu lýkur í starfsstöðinni sem nýtur aðstoðar (tilgreina skal CN-kóða) og viðkomandi (undir)-grein eða greinar sem vörurnar tilheyra (tilgreina skal NACE-kóða).
- 5.1.2. Hvaða vöru eða vörur kemur nýja varan í staðinn fyrir? Ef þær eru ekki framleiddar á sama stað skal tilgreina hvar þær eru nú framleiddar.
- 5.1.3. Hvaða aðra vöru eða vörur er hægt að framleiða í sömu starfsstöð með litlum eða engum viðbótarkostnaði?

5.2. *Lýsing á svæðisbundnum markaði eða mörkuðum sem skipta máli*

- 5.2.1. Tilgreina skal svæðisbundinn markað eða markaði sem skipta máli ef þeir eru aðrir en EES-markaðir.
- 5.2.2. Hversvegna telst svæðisbundni markaðurinn annar en EES-markaður?

5.3 *Mat á afkastagetu*

- 5.3.1. Meta skal áhrif verkefnisins á arðbæra heildarafkastagetu styrkþega á EES (einnig á samstæðustigi) fyrir hverja vöru eða vörur sem um ræðir (í árseiningum á árinu áður en verkefnið hófst og þegar verkefninu lýkur).
- 5.3.2. Leggja skal fram mat á heildarafkastarnýtingu á EES (eða á viðkomandi svæðisbundnum markaði) í viðkomandi (undir)-grein eða –greinum fyrir næstliðin fimm ár. Hve stór var hlutur styrkþega af þessari afkastagetu á sama tíma og hve mikil var afkastarnýting styrkþega í viðkomandi (undir)-grein?

5.4. *Upplýsingar um markaðinn*

- 5.4.1. Veita skal upplýsingar um sýnilega neyslu⁽²⁾ á viðkomandi vöru eða vörum síðastliðin fimm reikningsár. Eftölfræðilegar upplýsingar liggja fyrir frá öðrum skulu þær hjálagaðar.
- 5.4.2. Leggja skal fram áætlun um þróun á sýnilegri neyslu á viðkomandi vöru eða vörum fyrir næstu

(²) Framleiðsla að viðbættum innflutningi að frádregnum útflutningi.

þrjú fjárhagsár. Ef tölfraðilegar upplýsingar liggja fyrir frá öðrum skulu þær hjálagðar.

- 5.4.3. Er viðkomandi markaður í samdrætti og hver er orsökina fyrir því? Ef ekki er um slíkt að ræða, hvers vegna?
- 5.4.4. Mat á markaðshluta (verðmæti) styrkþega eða samstæðunnar sem styrkþegi tilheyrir á árinu áður en verkefnið hefst og þegar verkefninu lýkur.

6. ÞÁTTUR

BYGGÐAÁHRIF

(Upplýsingarnar í þessum þætti eru notaðar í tengslum við útreikning á svæðisbundna áhrifaþættinum)

- 6.1. *Upplýsingar um störf sem sköpuð eru hjá milliliðalausum birgjum og viðskiptavinum styrkþega*
- 6.1.1. Hver eftirfarandi þriggja kosta lýsir best, að mati EFTA-ríkis og/eða styrkþega, störfum sem sköpuð eru hjá milliliðalausum birgjum og viðskiptavinum í kjölfar verkefnisins:
- i) mikil atvinnusköpun fyrir hvert starf sem styrkþegi skapar (yfir 100%),
 - ii) atvinnusköpun í meðallagi fyrir hvert starf sem styrkþegi skapar (milli 50% og 100%),
 - iii) lítil atvinnusköpun fyrir hvert starf sem styrkþegi skapar (undir 50%).
- 6.1.2. Færa skal rök og skýra svarið við framangreindri spurningu.
- 6.1.3. Leggja skal fram eins fullkomna skrá og unnt er yfir hugsanlega milliliðalusa birgja í tengslum við nýja framleiðslu á svæðinu og/eða svæðunum sem eiga rétt á aðstoð.
- 6.1.4. Leggja skal fram eins fullkomna skrá og unnt er yfir hugsanlega viðskiptavinum í tengslum við nýja framleiðslu á svæðinu og/eða svæðunum sem eiga rétt á aðstoð.

**Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 61. gr.
EES-samningsins og 3. mgr. 1. gr. í bókun 3 við samninginn um
eftirlitsstofnun og dómstól**

99/EES/18/03

Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um að hreyfa ekki andmælum

Ákvörðunin**var samþykkt:** 16. desember 1998**EFTA-ríki:** Ísland**Aðstoð nr.:** 98-001**Titill:** Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins**Markmið:** Stuðla að uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs með því að taka þátt í fjárfestingarverkefnum á sviði nýsköpunar og styðja við þróunar- og kynningarverkefni.**Lagastoð:** Lög um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, 1997 nr. 61, og framkvæmdareglugerðir.**Fjárveiting:** Stofnsjóður (endurnýjaður með rekstrartekjum) 4.000 millj. ISK (u.þ.b. 48,8 millj. ECU).
Framkvæmdasjóður (höfuðstóll endurnýjaður með rekstrartekjum) 1.000 millj. ISK (u.þ.b. 12,2 millj. ECU).
Vöruþróunar- og markaðsdeild 700 millj. ISK (áætlað) (u.þ.b. 8,5 millj. ECU).**Form og styrkleiki****aðstoðar:**

Hlutfjárkaup og lán í undantekningar-tilvikum og ábyrgðir úr stofnsjóð (engin aðstoð).
Hlutfjárkaup í gegnum framkvæmdasjóð (engin aðstoð).
Styrkir veittir úr stofnsjóð og af vöruþróunar- og markaðsdeild skulu að meginreglu til vera innan marka reglunnar um lágmarksaðstoð. Þegar aðstoð er hærrí en segir til um í lágmarksreglunni skal hún vera í samræmi við reglurnar um aðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja eða aðstoð til rannsóknar- og þróunarverkefna, eftir því sem við á.

Gildistími:

Óákveðinn, nema fyrir vöruþróunar- og markaðsdeild, en þar er miðað við árið 2000, og þá skulu hreinar eignir fluttar til stofnsjóðs. Framkvæmdasjóður skal lagður niður innan 10 ára og hreinar eignir hans færðar í ríkissjóð.

Skilyrði:

Styrki til atvinnugreina sem ekki falla undir lágmarksregluna (skipasmíðar, stáliðnaður KSE og flutningastarfsemi) ber að tilkynna fyrirfram í hverju einstöku tilviki. Sama gildir um aðstoð sem fellur undir gildissvið leiðbeininganna um björgun og endurskipulagningu fyrirtækja í erfiðleikum.

Ársskýrsla um starfsemi
Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins.

**Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 61. gr.
EES-samningsins og 3. mgr. 1. gr. í bókun 3 við samninginn um
eftirlitsstofnun og dómstól**

Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um að hreyfa ekki andmælum

Ákvörðunin

var samþykkt: 16. desember 1998

EFTA-ríki: Noregur

Aðstoð nr.: 98-016

Titill: Breyting og framlenging á hærri fjárhæðum aðstoðar vegna áætlana um byggðastyrki í Innri-Finnmörku - endurskipulagning á hefðbundinni starfsemi Sama.

Markmið: Aðstoð á sviði byggðapróunar.

Lagastoð: „Reglugerð um afmörkun svæða sem njóta byggðapróunarstyrkja“ sem var

samþykkt með konungsúrskurði frá apríl 1998
Dreifibréf H-8/95 "Om de bedriftsrettede distriktpolitiske virkemidlene under Statens nærings- og distriktsutviklingsfond og fylkeskommunene".

Styrkleiki

aðstoðar: Fjárfestingarstyrkir sem nema allt að 50% fyrir skatt og styrkir vegna atvinnu- og iðnþróunar sem nema allt að 75%.

Fjárhæð
aðstoðar: Gildir ekki.

Gildistími: Frá 1. janúar 1999 til 31. desember 1999.

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1493 – UTC/Sundstrand)

99/EES/18/04

1. Framkvæmdastjórninni barst 19. apríl 1999 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækin Sundstrand Corporation (Sundstrand) og United Technologies (UTC) sameinast í skilningi a-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - UTC: fyrirtæki sem framleiðir ýmis konar tæki til notkunar í iðnaði. Í UTC-samstæðunni eru Otis (lyftur), Pratt & Whitney (þotu- og eldflaugahreyflar), UTC Flight Systems (stýrakerfi), UT Automotive (bílahlutar og rafkerfi), Carrier (loftræsti- og loftjöfnunarkerfi) og Turbo Power Marine (gastúrbínur til notkunar í iðnaði),
 - Sundstrand: vörur fyrir flugiðnaðinn og annan iðnað.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB C 114, 27.4.1999. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1493 – UTC/Sundstrand, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B – Merger Task Force
150, avenue de Cortenberg
B-1000 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 395, 30. 12. 1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB L 257, 21. 9. 1990, bls. 13. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97, Stjtið. EB L 180, 9. 7. 1997, bls. 1 og leiðrétt með Stjtið. EB L 40, 13. 2. 1998, bls. 17.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/M.1255 - Flughafen Berlin)**

99/EES/18/05

1. Framkvæmdastjórninni barst 16. apríl 1999 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækin Hochtief AirPort GmbH, ABB Energy Ventures B.V., Bankgesellschaft Berlin Aktiengesellschaft og Flughafen Frankfurt Main Aktiengesellschaft öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð yfir Berlin Brandenburg Flughafen Holding GmbH með kaupum á hlutum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Hochtief AirPort GmbH: kaup og stjórnun á hlutum í fyrirtækjum sem reka flugvelli og þjónusta við flugvelli,
 - ABB Energy Ventures B.V.: þróun, smíði og viðhald á búnaði og kerfum í orkuiðnaðinum sem og flutninga- og byggingartækni,
 - Bankgesellschaft Berlin Aktiengesellschaft: bankastarfsemi í Þýskalandi,
 - Flughafen Frankfurt Main Aktiengesellschaft: rekstur á Frankfurt-flugvelli og kaup og stjórnun á hlutum í fyrirtækjum sem reka flugvelli,
 - Berlin Brandenburg Flughafen Holding GmbH: rekstur flugvallanna í Berlín.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB C 113, 24.4.1999. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1255 - Flughafen Berlin, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B – Merger Task Force
150, avenue de Cortenberg
B-1000 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 395, 30. 12. 1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB L 257, 21. 9. 1990, bls. 13. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97, Stjtið. EB L 180, 9. 7. 1997, bls. 1 og leiðrétt með Stjtið. EB L 40, 13. 2. 1998, bls. 17.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/M.1491 - Robert Bosch/Magneti Marelli)**

99/EES/18/06

1. Framkvæmdastjórninni barst 19. apríl 1999 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækin Robert Bosch GmbH (Robert Bosch) og Magneti Marelli S.p.A. (Magneti Marelli) öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð yfir nýstofnuðu fyrirtæki um sameiginlegt verkefni í tengslum við ljósabúnað í bifreiðir.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Robert Bosch: búnaður í bifreiðir, fjarskiptatækni, neytendavörur og búnaður til notkunar í iðnaði,
 - Magneti Marelli: búnaður í bifreiðir.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB C 113, 24.4.1999. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1491 - Robert Bosch/Magneti Marelli, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B – Merger Task Force
150, avenue de Cortenberg
B-1000 Brussels

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/M.1293 - BP/Amoco)**

99/EES/18/07

Framkvæmdastjórnin ákvað 11.12.1998 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstytt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírsútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 398M1293. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 395, 30. 12. 1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB L 257, 21. 9. 1990, bls. 13. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97, Stjtið. EB L 180, 9. 7. 1997, bls. 1 og leiðrétt með Stjtið. EB L 40, 13. 2. 1998, bls. 17.

Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir

99/EES/18/08

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða (Stjtið. EB L 109, 26.4.1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjtið. EB L 81, 26.3.1988, bls. 75).
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/10/EB frá 23. mars 1994 um aðra efnisbreytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjtið. EB. L 100, 19.4.1994, bls. 30).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni

Tilvísun ⁽¹⁾	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils ⁽²⁾
99-0149-I	Drög að forskrift að ákvörðun á hámarksmagni af 54-vanadíum í drykkjarvatni	25.6.1999
99-0150-A	Viðbót við burðarstaðla um brýr (OeNORM B 4002)	1.7.1999
99-0151-A	RVS 8S.02.6 – Jarðvegsvinna, áframhaldandi þjöppunarprófun í tengslum við notkun valtara	1.7.1999
99-0152-D	Fyrstu fyrirmæli að breytingu á fyrirmælum fylkisins Thüringen um iðjuver (ThürVAwS)	25.6.1999
99-0153-I	Drög að forskrift um hreinlætiskröfur í tengslum við smásölu á hænueggjum og tilreiðslu á tilteknum vörum úr eggjum	25.6.1999
99-0154-A	Lög um uppsetningu og rekstur á lyftum, Kärnten (K-AG)	28.6.1999
99-0155-A	Drög að lögum um breytingu á lögum um landbúnað 1995 fyrir fylkið Salzburg, og lögum um starfsþjálfun í landbúnaði og skógariðnaði 1991 fyrir fylkið Salzburg	7.7.1999
99-0156-I 99-1004-I	Drög að lögum um viðbótarákvæði um merkingu drykkjarvara í dösnum með flipa til að opna með (samþykkt af ráðherraráðinu 16. mars 1999)	30.6.1999
99-0157-GR	Drög að ákvörðun um smurningsfeiti fyrir baðmullartínsluvélar, tæknilýsing og prófaðferðir	28.6.1999
99-0158-UK	Vatnsvirkjun, England og Wales, forskriftir aðstoðarráðherra um búnað til að hindra endurstreymi	7.7.1999
99-0159-NL	R 10-01, viðbótarskilyrði fyrir notkun fjarskiptabúnaðar, sem lýst er í samræmi við R10-01, með tilliti til PMR 446	7.7.1999
99-0160-NL	Tæknilýsingar fyrir fjarskiptabúnað. Radiótengibúnaður fyrir gagnatengingar milli tveggja punkta með flutningshraða sem er undir 34 Mbit/s fyrir tíðnisviðið 13, 15, og 18 GHz (SV 04-12)	7.7.1999
(3)(4)(5)		

Framkvæmdastjórnin vekur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjtið. EB C 245, 1.10.1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda drögin til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins C 67 frá 17.3.1989 bls. 3 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4.5.1994, bls. 8.

(1) Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

(2) Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

(3) Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

(4) Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.

(5) Ekkert stöðvunartímabil vegna skatta- eða fjármálaráðstafana; sbr. 3. lið 9. mgr. 1. gr. í tilskipun 94/10/EB.

DÓMSTÓLLINN

Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna⁽¹⁾

99/EES/18/09

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 21. janúar 1999 í máli C-73/97 P: Lýðveldið Frakkland gegn Comafrika SpA o.fl. (áfrýjun – bananaframleiðsla – ógilding reglugerðar (EB) nr. 3190/93 – mál ekki dómtækt).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 21. janúar 1999 í máli C-120/97 (beiðni um forúrskurð frá Court of Appeal): Upjohn Ltd gegn The Licensing Authority, sem komið var á fót með lyfjalögum frá 1968, o.fl. (sérlyf – afturköllun á heimild til markaðssetningar – endurskoðun dómsvalda).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 21. janúar 1999 í máli C-207/97: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Belgíu (vanræksla aðildarríkis á að standa við skuldbindingar sínar – tilskipun ráðsins 76/464/EBE – vatnsmengun – vanræksla á að taka lög bandalagsins upp í landsrétt).

Dómur dómstólsins frá 26. janúar 1999 í máli C-18/95 (beiðni um forúrskurð frá Gerechtshof te 's-Hertogenbosch): F.C. Terhoeve gegn Inspecteur van de Belastingdienst Particulieren/Ondernemingen Buitenland (frjáls för launþega – mat sem tekur bæði til tekjuskatts og almannatryggingagjalda – ákvæði um hámarksframlög til almannatrygginga, sem gilda um launþega sem hafa ekki nýtt sér réttinn til frjálsra flutninga, gilda ekki um launþega sem flytjast búferlum frá einu aðildarríki til annars – möguleiki á að jafna hagræði vegna tekjuskatts – hugsanlegt ósamræmi miðað við lög bandalagsins – afleiðingar).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 9. febrúar 1999 í máli C-343/96 (beiðni um forúrskurð frá Pretura Circondariale di Bolzano, Sezione Distaccata di Vipiteno (Ítalíu)): Dilexport Srl gegn Amministrazione delle Finanze dello Stato (fjáröflunargjöld í ósamræmi við 95. gr. EB-sáttmálans – endurgreiðsla á greiddum ógjaldföllum fjárhæðum – innlendar málsmeðferðarreglur).

Dómur dómstólsins frá 9. febrúar 1999 í máli C-167/97 (beiðni um forúrskurð frá House of Lords): Regina gegn Secretary of State for Employment (karlar og konur – jöfn laun – jöfn meðferð – bætur vegna ósamngjarnrar uppsagnar – skilgreining á „greiðslu“ – réttur launþega til að vera ekki sagt upp störfum á ósamngjarnan hátt – spurning hvort málið falli undir 119. gr. í EB-sáttmálanum eða tilskipun 76/207/EBE – lögfræðilegt mat til að ákvarða hvort innlend aðgerð feli í sér óbæina mismunun í skilningi 119. gr. EB-sáttmálans – hlutlæg réttlætning).

Dómur dómstólsins (fyrsta deild) frá 9. febrúar 1999 í máli C-280/97 (beiðni um forúrskurð frá Finanzgericht Düsseldorf): ROSE Electrotechnik GmbH & Co. KG gegn Oberfinanzdirektion Köln (sameinaða tollnafnaskráin – tollskrárnúmer – greinikassi án kapla eða tengja).

Dómur dómstólsins (fyrsta deild) frá 9. febrúar 1999 í máli C-354/97: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Frakklandi (vanræksla aðildarríkis á að standa við skuldbindingar sínar – tilskipanir 93/74/EBE, 94/28/EB, 94/39/EB, 95/9/EB og 95/10/EB).

Dómur dómstólsins (fyrsta deild) frá 9. febrúar 1999 í máli C-383/97 (beiðni um forúrskurð frá Amtsgericht Nordhorn): Sakamál á hendur Arnoldus van der Laan (merking og kynning á matvælum – 30. gr. EB-sáttmálans og tilskipun 79/112/EBE – bógskinka úr bógskinkubítum).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 11. febrúar 1999 í máli C-366/97 (beiðni um forúrskurð frá Tribunale Civile e Penale, Flórens): Sakamál á hendur Massiomo Romanelli og Paolo Romanelli (réttur til að veita þjónustu – lánastofnanir – endurgreiðanlegir sjóðir).

(¹) Sjá Stjórn. EB C 100, 10. 4. 1999.

Dómur dómstólsins frá 23. febrúar 1999 í máli C-42/97: Evrópuþingið gegn ráði Evrópusambandsins (ákvörðun ráðsins 96/664/EB - kynning á tungumálafjölbreytileika bandalagsins í upplýsingaþjóðfélaginu - lagastoð).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 25. febrúar 1999 í máli C-86/97 (beiðni um forúrskurð frá Bundesfinanzhof): Reiner Woltmann sem stundar viðskipti undir heitinu „Trans-Ex-Import“ gegn Hauptzollamt Potsdam (vörustudur – tollgjöld – eftirgjöf – sérstakar aðstæður).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 25. febrúar 1999 í máli C-195/97: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Ítalíu (vanræksla aðildarríkis á að standa við skuldbindingar sína – vanræksla á að lögleiða tilskipun 91/676/EBE).

Mál C-29/99: Mál höfðað þann 5. febrúar 1999 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn ráði Evrópusambandsins.

Mál C-34/99: Beiðni um forúrskurð frá House of Lords samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 1. febrúar 1999 í máli Commissioners of Customs and Excise gegn Primback Ltd.

Mál C-35/99: Beiðni um forúrskurð frá Pretura Circondariale di Pinerolo (TO) samkvæmt fyrirmælum frá 13. janúar í sakamáli á hendur Manuele Arduino, með meðalgöngu Diego Dessi, sóknaraðili í lögsókninni, og aðila með einkaréttarlega ábyrgð Giovanni Bertolotto og Compagnia Assicuratrice RAS SpA sem er með skráða skrifstofu í Milánó.

Mál C-36/99: Beiðni um forúrskurð frá Tribunal de Première Instance, Liège (sjöunda deild) samkvæmt dómi þess dómstóls frá 8. febrúar 1999 í málinu Idéal Tourisme SA gegn belgíska ríkinu.

Mál C-41/99 P: Áfrýjað var 12. febrúar 1999 af Sadam Zuccherifici Divisione della SECI SpA, Sadam Castiglione SpA, Sadam Abruzzo SpA, Zuccherificio del Molise SpA og Società Fondiaria Industriale Romagnola SpA, úrskurði uppkveðnum 8. desember 1998 af dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi (fjórða deild með auknum fjölda dómara) í máli T-39/98 milli Sadam Zuccherifici Divisione della SECI SpA, Sadam Castiglione SpA, Sadam Abruzzo SpA, Zuccherificio del Molise SpA og Società Fondiaria Industriale Romagnola SpA og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna.

Mál C-42/99: Beiðni um forúrskurð frá Supremo Tribunal Administrativo, önnur deild, samkvæmt dómi þess dómstóls frá 13. janúar 1999 í dómsmálinu Fábrica de Queijo Eru Portuguesa Lda og Tribunal Técnico de 2a Instância.

Mál C-43/99: Beiðni um forúrskurð frá Conseil Supérieur des Assurances Sociales du Grand-Duché de Luxembourg samkvæmt úrskurði frá 10. febrúar 1999 í dómsmálinu Ghislain Leclere og Alina Deaconsu gegn Caisse Nationale des Prestations Familiales.

Mál C-44/99: Mál höfðað þann 16. febrúar 1999 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Frakklandi.

Mál C-45/99: Mál höfðað þann 16. febrúar 1999 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Frakklandi.

Mál C-46/99: Mál höfðað þann 16. febrúar 1999 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Frakklandi.

Mál C-47/99: Mál höfðað þann 16. febrúar 1999 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Stórhertogadæminu Lúxemborg.

Mál C-48/99: Mál höfðað þann 16. febrúar 1999 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Stórhertogadæminu Lúxemborg.

Mál C-49/99 P: Áfrýjað var 12. febrúar 1999 af Associazione Nazionale Bieticoltori (ANB), Francesco Coccia og Vincenzo Di Giovine gegn úrskurði uppkveðnum 8. desember 1998 af dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi (fjórða deild með auknum fjölda dómara) í máli T-38/98 milli Associazione Nazionale Bieticoltori (ANB), Francesco Coccia og Vincenzo Di Giovine og ráðs Evrópusambandsins.

Mál C-50/99: Beiðni um forúrskurð frá Tribunal de Grande Instance (fyrsta deild), París samkvæmt dómi þess dómstóls frá 12. janúar 1999 í dómsmálinu Jean-Marie Podesta gegn Caisse de Retraite par répartition des Ingénieurs Cadres & Assimilés (CRICA), Association Générale des Institutions de Retraite des Cadres (AGIRC), Union Interprofessionnelle de Retraite de l'Industrie et du Commerce (UIRIC), Caisse Générale Interprofessionnelle de Retraite pour Salariés (CGIS), Association des Régimes de Retraite Complémentaire (ARRCO).

Mál C-51/99: Beiðni um forúrskurð frá Tribunale Amministrativo per la Basilicata (stjórnsýsludómstóll í héraðinu Basilicata) samkvæmt úrskurði þess dómstóls frá 22. október 1998 í dómsmálinu Massimo Triumbari gegn Questore della provincia de Potenza (lögreglustjóri héraðsins Potenza) og fjármála- og innanríkisráðherra.

Mál C-52 og C-53/99: Beiðnir um forúrskurð frá Cour du Travail de Liège (13. deild) samkvæmt dómi þess dómstóls frá 2. febrúar 1999 í málunum Office National des Pensions gegn Gioconda Camarotto og Office National des Pensions gegn Giuseppina Vignone.

Mál C-54/99: Beiðni um forúrskurð frá franska ríkisráðinu samkvæmt úrskurði frá 6. janúar 1999 í dómsmálinu „Eglise de Scientologie de Paris“ og Scientology International Reserves Trust gegn Lýðveldinu Frakklandi.

Mál C-55/99: Mál höfðað þann 18. febrúar 1999 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Frakklandi.

Mál C-56/99: Beiðni um forúrskurð frá Tribunal Administratif de Paris samkvæmt úrskurði þess dómstóls frá 9. desember 1998 í dómsmálinu Gascogne Limousin Viandes SA gegn Office National Interprofessionnel des Viandes, de l'Elevage et de l'Aviculture (OFIVAL).

Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi⁽¹⁾

99/EES/18/10

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 11. febrúar 1999 í máli T-86/96: Arbeitsgemeinschaft Deutscher Luftfahrt-Unternehmen gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (ríkisaðstoð – loftflutningar – skattaráðstafanir – aðgerð til ógildingar – mál ekki dómtækt).

Mál T-21/99: Mál höfðað þann 21. janúar 1999 af Dansk Rørindustri A/S (Starpipes) gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-26/99: Mál höfðað þann 25. janúar 1999 af Garage Trabisco S.A. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-28/99: Mál höfðað þann 25. janúar 1999 af Sigma Technologie di Rivestimento SRL gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-54/99: Mál höfðað þann 22. febrúar 1999 af max.mobil. Telekommunikation Service GmbH gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

⁽¹⁾ Sjá Stjórn. EB C 100, 10. 4. 1999.